

Ársskýrsla SI 2004





Vilmundur Józefsson
formaður
Gæðafæði ehf.



Hreinn Jakobsson
varaformaður
Skýrr hf.



Eiður Haraldsson
ritari
Háfell ehf.



Guðlaugur Adolfsson
Fagtak ehf.



Halla Bogadóttir
Halla Boga



Hörður Arnarson
Marel hf.



Sigurður Bragi Guðmundsson
Plastprent hf.



Þorsteinn Víglundsson
BM Vallá ehf.

Stjórn SI árið 2004

Útgefandi Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík.

Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is

Ritstjórn: Jón Steindór Valdimarsson

Ljósmyndir: Odd Stefán, Auglýsingastofan Næst bls. 9

Hönnun: Árni Pétursson, Oddi hf.

Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Prentvinnsla: Prenttækni ehf.



Samtök iðnaðarins

Hreinar línur

Sú gamalkunna aðferð að halda niðri verðbólgu með gífurlegum vaxtahækkunum og þar með óeðlilega háu gengi íslensku krónunnar er sannkölluð hrossalækning. Einu merkjanlegu áhrifin af vaxtahækkunum Seðlabankans að undanförunu eru þau að gengi íslensku krónunnar hækkar enn. Innflutningurinn flæðir yfir og iðnaði og fiskvinnslu er rutt úr landi. Í iðnaðinum eru hefðbundin framleiðslufyrirtæki að missa markaðshlutdeild á eigin heimamarkaði og útflutningsfyrirtækin fá minna og minna fyrir vörur sínar í krónum talið á sama tíma og tilkostnaður innanlands eykst.

Samkvæmt lögmálum hagfræðinnar ættu svo gífurlegar vaxtahækkningar að hafa þau áhrif að draga úr neyslu og kæla niður hagkerfið. Það gerist þó ekki hér á landi því að flóðgáttir erlendrar lántöku eru opnar og þar við bætist að vextir af húsnæðislánum hafa lækkað á sama tíma og kaupmáttur hefur aukist.

Flestir kjarasamningar, sem gerðir voru á síðasta ári, eru til fjögurra ára og fela í sér kostnaðarhækkunar á bilinu 16-18%. Það er helmingi meiri hækkun en almennt gerist í nágranna- og samkeppnislöndum okkar. Skýringin er auðvitað sú að allir vita að hér má vænta meiri sveiflna í verðlagi og gengi en þar. Samið er um að hækka laun sérstaklega af því að greitt er í óstöðugum gjaldmiðli sem stöðugt sveiflast öfganna á milli. Einungis frá miðjum febrúar 2004 til sama tíma í ár hefur gengisvísitala íslensku krónunnar hækkað um rúm 7%. Sú breyting hefur meiri neikvæð áhrif á afkomu dæmigerðs iðnfyrirtækis í samkeppnisiðnaði heldur en allar umsamar launahækkningar nýgerðra kjarasamninga.

Miðað við þá miklu spennu, sem nú hefur skapast á vinnumarkaði, er erfitt að ímynda sér hvernig ástandið væri ef lokað væri fyrir innflutt vinnuafli. Með stækkun ESB í austur hafa flest ríki á EES-svæðinu nýtt tímabundnar heimildir til að takmarka flutninga fólks í atvinnuleit frá nýju aðildarríkjunum. Þær takmarkningar eru að mörgu leyti skiljanlegar, ekki síst þar sem atvinnuleysi og kynþáttavandamál hafa lengi verið landlæg. Flest ríki Vestur-Evrópu standa frammi fyrir skorti á vinnuafli á komandi árum vegna fækkandi barnsfæðinga. Því miður hefur víða verið reynt að

Haldbesta leiðin til að auka kaupmátt og velmegun í framtíðinni er að efla hátæknigreinar og auka efnahagslegan stöðugleika með fjölbreyttari undirstöðum efnahagslífsins



Vilmundur Jósefsson

sporna við innflutningi vinnuafis með alls konar tilbúnum hindrunum eða töfum á afgreiðslu umsókna. Dæmi um þetta er krafan um að innflutt vinnuafli sýni fram á gild iðnréttindi á sama tíma og alls ekkert er gert með kærur vegna brota heimamanna á iðnlöggjöfinni.

Eina svarið er að viðurkenna að við aðstæður, eins og nú eru uppi í hagkerfinu, þurfum við á erlendu vinnuafli að halda. Við þurfum að setja skýrar reglur um innflutning vinnuafis sem hægt er að fylgja og síðast en ekki síst þarf gott eftirlit með því að reglum sé framfylgt. Það skilar litlum árangri að eltast eingöngu við ólöglegt erlent vinnuafli í stað þess að stöðva þá vinnuveitendur sem eru með ólöglegt vinnuafli í svartri atvinnustarfsemi og standa hvorki skil á opinberum gjöldum né virða gerða kjarasamninga.

Stöðugleika þarf til að útflutnings- og samkeppnisgreinar þrífist. Hann er frumforsenda þess að unnt sé að byggja upp iðnað á Íslandi. Það er óviðunandi og stórskaðlegt að í hvert sinn, sem hagvöxtur eykst, er afleiðingin sú að framleiðsla og þjónusta í útflutnings- og samkeppnisgreinum er rutt úr vegi eða úr landi í stórum stíl. Áður fyrr tengdust slík hagvaxtarskeið jafnan auknum afla eða hækkandi afurðaverði en nú hin síðari ár stóriðju- og virkjanaframkvæmdum. En þótt orsakirnar séu aðrar eru afleiðingarnar þær sömu og áður.

Þjóðir Evrópu hafa brugðist við þessum vanda með því að taka upp sameiginlega mynt sem gerir allt í senn að draga úr gengissveiflum, auka og auðvelda viðskipti og minnka kostnað.

Haldbesta leiðin til að auka kaupmátt og velmegun í framtíðinni er að efla hátæknigreinar og auka efnahagslegan stöðugleika með fjölbreyttari undirstöðum efnahagslífsins. Þetta er það sem nágrannaþjóðir okkar eru að gera með upptöku evru, aukinni áherslu á hátækniðnað, menntun og rannsóknir. Við eigum um tvær leiðir að velja: Annars vegar að keppa við láglaunasvæði í frumframleiðslu og hefðbundnum lágtekniðnaði eða fylgja fordæmi þeirra ríkja sem mestum árangri hafa náð.

Það ætti ekki að vefjast fyrir okkur hvora leiðina við viljum fara.

Starfsskilyrði iðnaðar

Erfið samkeppnisstaða fyrirtækja...

Raungengi krónunnar er aftur orðið mjög hátt. Þess vegna hafa Samtök iðnaðarins bent á aðgerðir í hagsstjórninni til að bregðast við erfiðri samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum markaði. Frá hagsstjórnarlegu sjónarmiði er mikilvægast að gæta mikils aðhalds í opinberum fjármálum en það dregur úr þörf fyrir háa stýrivexti í peningastjórn Seðlabankans. Mikill vaxtamunur við útlönd getur leitt til frekari styrkingar á gengi krónunnar og grafið undan stöðugleikanum á komandi missirum.

...krefst aðhalds í hagsstjórninni...

Í því umhverfi, sem Íslendingar búa við hvað varðar frjálst flæði fjármagns og mikið innstreymi fjármagns vegna stóriðjufjárfestingar á næstu árum, er viðbúið að ört hækkandi vaxtastig bítu ekki sem skyldi á innlenda eftirspurn, a.m.k. til skamms tíma. Við þær aðstæður er mikilvægt að hið opinbera axli ábyrgð á hagsstjórninni. Ef það er ekki gert, getur aukinn vaxtamunur við útlönd haft áhrif til að styrkja gengið sem ýtir frekar undir misvægið í erlendum viðskiptum. Slíkt getur aukið líkur á gengiskollsteypu síðar sem yrði ógn við fjármálastöðugleika þjóðarbúsins og gæti leitt til þess að

verðbólgan færi tímabundið yfir verðbólguþröskulmörk Seðlabankans. Ábyrg hagsstjórn minnkar líkur á að stöðugleikanum verði varpað fyrir róða þegar hillir undir lok stóriðjuframkvæmda. Það sama gildir ef fyrirtæki og heimili gera ráðstafanir í tæka tíð til að hemja erlenda skuldsetningu. Ef vel tekst til lækkar gengið smám saman á komandi missirum, draga tekur úr miklum hagvexti og misvægið hverfur með minnkandi framkvæmdum.

...og áframhaldandi skipulagsbreytinga

Þar sem hágengisástand hefur lengi verið fyrir hendi á Íslandi er mikilvægt að fyrirtæki hafi nægan sveigjanleika til að bregðast við því með því að auka framleiðni sína. Í því sambandi er brýnt að haldið verði áfram að innleiða skipulagsbreytingar til að styrkja stöðir fyrirtækjarekstrar á Íslandi enn frekar.

Hátækniframleiðsla...

Samtök iðnaðarins hafa bent á mikilvægi hátækniframleiðslu en fyrirtæki, sem samnýta menntun og tækni, eiga meiri möguleika í samkeppni á hinum gríðarstóra alþjóðamarkaði. Haldbesta leiðin til að skapa fleiri hátekjustörf í framtíðinni er að efla hátæknigreinar og auka efnahagslegan stöðugleika með fjölbreyttari undirstöðum efnahagslífsins.

...krefst menntaðs vinnuafns

Tryggja þarf nægt framboð starfsfólks með verk-, tækni-, raungreina- og viðskiptamenntun til að mæta kröfum nútímarekstrar og framleiðslu. Ákvörðun um samruna Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík á árinu er áfangasigur í þeirri viðleitni en skólinn verður rekinn í nánnum tengslum við atvinnulífið. Samhliða því þarf að efla skilning ungmenna á gildi menntunar sem mikil eftirspurn er eftir í atvinnulífinu. Aukin menntun skilar sér í hærra launum og seta á skólabekk er viturleg í ljósi mikils atvinnuleysis meðal ungs ómenntaðs fólks.

Öflug nýsköpun...

Skapa þarf grundvöll fyrir markvisst samstarf fyrirtækja og háskólasamfélagsins með því að koma á legg vísinda- og tæknigörðum sem geta orðið uppspretta tækninýjunga og sprotaframleiðslu þar sem allir njóta ávinningsins. Þátttaka ríkis og sveitarfélaga er mikilvæg í því samhengi.


...þarfnast áhættufjármagns á markaði

Stórauka þarf aðgengi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja að þolinmóðu áhættufjármagni til að skapa grundvöll fyrir nýsköpun. Fjárfestar á markaði ráða ekki við nauðsynlegar en



Hagstjórn Seðlabanka Íslands

Stýrivæðir á Íslandi mun hærri en á Evrusvæði



Heimild: Seðlabanki Íslands og Seðlabanki Evrópu

áhættusamar nýsköpunar- og sprotafjárfestingar. Þar er með öðrum orðum markaðsbrestur. Þetta er viðurkennt í öllum samkeppnislöndum okkar og þar kemur ríkisvaldið alls staðar að framtafsfjárfestingum með myndarlegum hætti.

Heildstæð stefna, sem byggist á samspili lausna sem leysa úr læðingi krafta einkafjármagns og stofnanafjárfesta á borð við lífeyrissjóði ásamt markvissri þátttöku ríkisins m.a. með eflingu Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, er líklega vænlegasta leiðin til að efla hátækniframleiðslu og -útflutning og fjölga hátektjörfum.

Uppsveifla í iðnaði

Á árinu birtu Samtök iðnaðarins veltutölur og niðurstöður könnunar sem gáfu mynd af stöðu og horfum í iðnaði. Í ársbyrjun bentu nýjar tölur um veltu í iðnaði til þess að kröftug uppsveifla hefði byrjað árið 2003. Mest var veltuaukningin í mannvirkjagerð og lyfjaframleiðslu. Í september voru kynntar veltutölur á fyrri helmingi ársins. Þá kom í ljós að veltan var einnig tekin að aukast í upplýsingatækni- og þjónustuiðnaði. Samdráttur var þó enn merkjanlegur í ýmsum hefðbundnum framleiðslugreinum, aðallega vegna hins háa raungengis krónunnar. Könnun Samtakanna á stöðu og horfum í iðnaði í október leiddi í ljós að mikil uppsveifla var á árinu en þó mismikil eftir greinum. Um leið gerðu fyrirtækin ráð fyrir hægari veltuaukningu og fjárfestingu árið 2005.

Veljum Íslenskt

Efnahagslífið einkennist af raungengi sem helgast af háu gengi krónunnar og örari launavexti á Íslandi en í löndunum umhverfis okkur. Samtök iðnaðarins hafa beint því til íslenskra neytenda að þeir velji fremur íslenskar vörur að því tilskildu að verð og gæði þeirra séu sambærileg og innflutts varnings. Með þessu móti má hamlu gegn miklum viðskiptahalla og það hjálpar fyrirtækjum okkar að komast yfir tímaþundri hágengisástand tengt gífurlegum stóriðjuframkvæmdum á næstu árum. Hágengið hefur haft þau áhrif að hefðbundin framleiðsla hefur færst úr landi í auknum mæli og hægt hefur á innlendum vexti hátæknifyrirtækja.

Uppsveifla með vaxandi misvægi í erlendum viðskiptum

Hagvöxtur jókst árið 2004 með ört vaxandi þjóðarútgjöldum tengdum stóriðjuframkvæmdum og verður líklega tæp 6% árið 2004. Hækkun stýrivaxta Seðlabankans á árinu og vaxandi innflæði fjármangs styrktu gengi íslensku krónunnar sem hefur leitt til þess að innflutningur jókst meira en útflutningur. Um leið hafa aukinn viðskiptahalli og aðhald í opinberum fjármálum dregið úr hagvextinum. Búist er við auknu misvægi í erlendum viðskiptum á komandi missirum. Ef lánadrifinn innflutningur neysluvöru eykst mikið eykur það líkur á samdrætti og gengiskollsteypu í lok framkvæmdanna. Mjög aðhaldssama hagstjórn þarf til að afstýra því.


Þjóðarútgjöld vaxa hratt

Þjóðarútgjöld jukust um 8% árið 2004 sem er tvö prósentustig umfram vöxt landsframleiðslunnar vegna 17% aukningar í fjárfestingu, 7% vaxtar einkaneyslu og um 2% hækkunar samneyslu. Svipaðri þróun er spáð árið 2005 en með meiri fjárfestingu og viðskiptahalla en áður hefur sést í hagsögu Íslendinga og nokkru minni afkomubata. Spáð er að þjóðarútgjöld verði orðin 8 prósentustigum meiri en landsframleiðslan árið 2006 þegar framkvæmdirnar verða í hámarki. Sú þróun, ásamt vaxtagreiðslum af erlendum lánum, endurspeglar ört vaxandi viðskiptahalla og skuldasöfnun þjóðarþúsins erlendis á komandi árum. Ráðlegt er að fyrirtæki og heimili dragi í tæka tíð úr skuldasöfnun, sérstaklega í erlendum myntum, einkum ef tekjur eru í íslenskum krónum.

Hagsveiflan á Íslandi samstiga alþjóðlegri þróun

Á undanförunum áratug hefur hagvöxtur á Íslandi orðið meira samstiga alþjóðlegri þróun. Með aðild að EES samningnum og aukinni alþjóðavæðingu hafa markaðir landsins opnast sem aldrei fyrr svo og aðgangur íslenskra fyrirtækja að erlendum mörkuðum. Sú þróun hefur leitt til aukinnar samþættingar vöru- og þjónustumarkaða sem eykur hagvaxtargetuna án þess að verðbólguþrýstingur losni úr læðingi. Þó að viðskiptasveiflan á Íslandi sé orðin meira samstiga þeirri alþjóðlegu hafa sveiflur í þjóðarþúska Íslendinga verið stærri en víða erlendis, m.a. vegna ofþenslu og misvægis í

Skipting verðmætasköpunar eftir greinum árið 2003



Heimild: Hagstofa Íslands *) Hugbúnaðargerð meðtalin **) Ýmis þjónustuiðnaður

kjölfar stóriðjufrjárfestinga í lok síðasta áratugar og gengis-sveiflu krónunnar sem fylgdi í kjölfar þess að Seðlabankinn skipti úr fastgengisstefnu yfir í flotgengi og verðbólgu-markmið. Nýtt frjárfestingaskeið í stóriðju verður enn umfangs-meira en það sem á undan gekk. Viðfangsefni hagstjórnarinnar á komandi árum verður því að halda stöðugleika gengis, verðlags og efnahagsstarfsemi ásamt háu atvinnu-stigi.

Iðnaður verður sífellt mikilvægari hluti af íslensku efnahagslífi

Verðmætasköpun á Íslandi hefur breyst mikið undanfarin ár. Iðnaðurinn hefur sótt á en landbúnaður, fiskveiðar og fisk-vinnsla látið undan síga. Árið 2003 var tæpur fjórðungur af verðmætasköpuninni í iðnaði. Hátæknigreinar eins og upp-lýsingatækni, framleiðsla lyfja, lækningatækja og sérhæfðs vélbúnaðar standa undir tæpum 4% af landsframleiðslunni. Þessar greinar voru vart merkjanlegar í hagtölum fyrir rúm-um áratug. Mannvirkjagerð er að aukast og skapar meira en 10% af verðmætum þjóðarþúsins. Annar iðnaður, matvæla-iðnaður (án fiskvinnslu), efnaiðnaður, endurvinnsla, veiðar-færagerð, plast- og gúmmíframleiðsla, pappírs- og prentiðn-aður, mál- og skipasmíðaiðnaður og ýmis þjónustuiðnaður, skapar tæp 9% af verðmætunum. Í ál- og kísiljárnframleiðslu verður til rúmt 1%. Vegna stóriðjuframkvæmda mun álfram-leiðslan meira en þrefaldast innan fárra ára.

Fjórðungur gjaldeyrstekna verður til í iðnaði

Iðnaður aflar tæplega fjórðungs gjaldeyrstekna þjóðarþúsins og hefur sú hlutdeild tvöfaldast frá gildistöku EES samnings-ins árið 1994 úr 12% í 24% árið 2004. Helming aukningar-innar má rekja til útflutnings hátæknigreina iðnaðarins sem var hverfandi lítil fyrir rúmum áratug. Þetta er merkilegasta þróun í útflutningi Íslendinga hin síðari ár. Gjalddeyrstekjur hátæknigreina hafa stóruaust og eru nú um helmingur tekna af álútflutningi. Mikilvægt er að setja enn meiri kraft í efl-ingu hátæknifyrirtækja með því að efla menntu og veita meira fjármagni til nýsköpunar. Stjórnvöld eiga að marka sér

þá stefnu að starfsskilyrði slíkra fyrirtækja verði þau bestu sem þekkjast, sama til hvaða þátta er litið. Fjölþætt at-vinnustarfsemi dregur úr sveiflum úr hagkerfinu.

Fjórða hvert starf er að finna í iðnaði


Fjöldi starfa í iðnaði var tæp 24% af öllum störfum í landinu árið 2003. Merkilegt er að hlutfall starfa í hátæknigreinum iðnaðar mælist yfir 3% árið 2003 þrátt fyrir mikla fækkun starfa í upplýsingatækni í síðustu niðursveiflu. Flestir í iðnaði starfa við mannvirkjagerð og almennan iðnað. Störf í ál- og kísiljárnframleiðslu eru innan við 1% af öllum störfum en þó er fyrir séð að þeim mun fjölga talsvert á komandi árum vegna stóruaustinnar framleiðslugetu í greininni.

Störfum í iðnaði fjölga á ný


Þróun starfa í iðnaði hefur endurspeglad hagsveifluna og samkeppnisstöðuna. Í uppsveiflunni fjölgaði mjög störfum í iðnaði, sérstaklega í mannvirkjagerð og hátæknigreinum iðnaðar eins og upplýsingatækni, lyfja- og lækningatækja-framleiðslu og við framleiðslu á sérhæfðum vélbúnaði. Þegar samdráttur varð í innlendri eftirspurn árin 2002 og 2003 fækkaði störfum í iðnaði. Með hækkun raungengis varð sam-drátturinn sérstaklega mikill í hefðbundnum greinum í al-þjóðlegri samkeppni, eins og málmíðnaði, skipasmíðum og -viðgerðum, plastframleiðslu og veiðarfæragerð. Vegna verk-efna í tengslum við stóriðjuframkvæmdir hefur störfum í málmíðnaði tekið að fjölga hratt en störfum í veiðarfæragerð hélt áfram að fækka árið 2004. Horfur eru á að störfum í iðnaði í heild fjölgi nokkuð á árinu 2005.

Atvinnuleysi minnkaði á árinu

Atvinnuleysi hefur minnkað frá því að það náði hámarki í 4,1% af mannafla í febrúar 2003 og var í árslok 2004 um 2,7%. Árstíðabundnar breytingar í umsvifum í mannvirkja-gerð og ferðaþjónustu hækka hlutfall atvinnulausra á vetrar-mánuðum en lækka það á vorin. Undanfarin ár hefur at-vinnuleysi verið meira á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega meðal kvenna, á sama tíma og stóriðjufrjárfestingar drógu úr




Gengi krónu og áhrif evru og dollara



Heimild: Seðlabanki Íslands og Seðlabanki Bandaríkjanna

Raugengi og viðskiptajöfnuður



Heimild: Seðlabanki Íslands og Fjármálaráðuneytið *) Áætlun/spá

því á landsbyggðinni. Uppsveifla í efnahagslífinu er farin að skila sér í meiri atvinnusköpun á höfuðborgarsvæðinu.

Gengi krónunnar hækkaði

Gengi krónunnar hefur sveiflast mikið undanfarin ár eins og þróun gengisvísitalu krónunnar ber með sér. Í árslok 2001 var gengisvísitalan um 30% lægri en í ársbyrjun 1999. Gengi krónunnar var orðið nokkuð hátt í lok síðustu uppsveiflu. Gengislækkun krónunnar var því jákvæð fyrir samkeppnisstöðu fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni. Frá árslokum 2001 tók krónan að styrkjast aftur og var í árslok 2004 aðeins 2% lægri en í ársbyrjun 1999. Athyglivert er að innbyrðis gengisþróun evru og dollara hafði mikil áhrif á gengi krónunnar gagnvart þeim myntum. Af þeim sökum kom meiri sveifla fram í gengi krónu gagnvart dollara en gagnvart evru. Þar sem langstærstur hluti viðskipta þjóðarinnar er við þjóðir með evru eða gjaldmiðla nátengda henni skiptir gengi evrunnar meira máli fyrir samkeppnisstöðuna.

Raugengið hærra en þegar það fór hæst í síðustu uppsveiflu

Raugengið gerir samanburð mögulegan í sömu mynt á kostnaði hérlendis og hjá viðskiptaþjóðum okkar. Sveiflur í raugengi krónunnar breyta samkeppnisstöðunni sem hefur áhrif á jöfnuð erlendra viðskipta. Hátt raugengi hægir á vexti útflutnings, ýtir undir innflutning og eykur viðskiptahalla. Innflæði fjárfestingar- og rekstrarvara vegna stóriðju-fjárfestinga er stór hluti viðskiptahallans og talað er um góðkynja viðskiptahalla. Aukin framleiðslugeta og útflutningstekjur munu í framtíðinni greiða upp þær skuldir. Verra er ef innflutningur neysluvöru eykst mikið en það eykur líkur á gengiskollsteypu þegar hillir undir lok stóriðjuframkvæmda. Aðhaldssama hagstjórn þarf til að afstýra því.

Verðbólga jókst en hélst undir viðmiðunarmörkum Seðlabankans

Verðbólga á Íslandi jókst árið 2004. Mikil hækkan olíuverðs hefur valdið þar miklu. Einnig hefur fasteignaverð hækkað jafnt og þétt undanfarin missiri, tengt aukinni bjartsýni í

þjóðfélaginu og auðveldari aðgangi að lánsfé á betri lánskjörum. Verðbólga var komin nálægt 4% efri þolmörkum verðbólguþröngmiðs Seðlabankans í árslok 2004. Þrátt fyrir það gera spár ráð fyrir að verðbólgan verði að meðaltali um 3% árið 2005. Kjarasamningur grunnskólakennara í nóvember 2004 var úr takti við aðra kjarasamninga og hefur aukið óvissuna um verðlagsþróunina, sérstaklega ef aðrar stéttir fylgja í kjölfarið og knýja fram svipaðar launahækkanir.

Launahækkanir eru ekki ávísun á aukinn kaupmátt



Ríflegar launahækkanir eru alls ekki ávísun á aukin kaupmátt. Þrátt fyrir miklar launahækkanir árið 2001 minnkaði kaupmáttur vegna þess að verðbólgan jókst meira. Árin 2002 og 2003 minnkaði verðbólgan og kaupmáttaraukningin varð meiri en í löndunum umhverfis okkur. Nýir kjarasamningar hækkuðu launin árið 2004 en kaupmátturinn jókst ekki vegna vaxandi verðbólgu. Það er hagur vinnandi fólks að takast megi að halda verðbólgunni í skelfjum. Lækkun tekjuskatts og afnám eignarskatta á næstu árum mun auka ráðstöfunartekjur mikið. Hagstæðari lánakjör á húsnæðislánum eru einnig ígildi kaupmáttaraukningar. Með hófsömum kjarasamningum aukast líkurnar á stöðugum hagvexti og bættum lífskjörum næstu árin.

Launakostnaður á Íslandi hefur hækkað mun hraðar en erlendis

Launakostnaður á framleidda einingu hefur hækkað mun hraðar á Íslandi en erlendis undanfarin tíu ár. Slík þróun, ef hún gengur of langt, stuðlar að óstöðugleika og rýrir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni. Það er mikilvægt að ekki séu knúnar fram launahækkanir umfram framleiðniaukningu sem gera ekki annað en að auka verðbólgu, rýra kaupmáttinn og grafa undan stöðugleika.

Breytt efnahagsumhverfi

Viðskiptabankarnir hafa veitt erlent fjármagn til endurlána á Íslandi í samkeppni við Íbúðalánasjóð og hafa þar með stórlækkað fjármagskostnað af húsnæðislánum. Það er dæmi um hvað aukin alþjóðleg samþætting vöru, þjónustu,



vinnu og fjármagnsmarkaða hefur leitt til aukinnar samkeppni sem setur innlendum verðhækkunum skorður og hefur áhrif til að hemja verðbólgu með lægri kostnaði. Innflæði vinnuafis frá ríkjum innan og utan Evrópska efnahagssvæðisins hefur einnig dregið úr þrýstingi á vinnumarkaði. Vegna takmarkaðs vinnuafis á Íslandi hafa uppsveiflur gjarnan leitt til örari launabreytinga hér á landi en í nágrannalöndunum. Hátt raungengi skaðar samkeppnisgreinar. Áhrif hækkandi nafngengis á raungengið er nefnt „hollenska veikin.“ Í ársskýrslu SI árið 2002 var fjallað um „íslensku veikina“ þar sem órar launabreytingar hækka raungengið rétt eins og styrking gengis. Vonandi dregur opnun hagkerfisins úr einkennum íslensku veikinnar.

Trúverðugleiki Seðlabankans

Seðlabankar gegna mikilvægu hlutverki í efnahagsstjórn landa sinna með því að tryggja stöðugt verðlag. Það gera þeir með því að setja sér markmið. Seðlabanki Íslands stefnir að því að halda verðbólgu sem næst 2,5% á hverju ári. Til þess notar hann stýrivexti til að hafa áhrif á eftirspurn í landinu. Verðbólga er nú nær 4% efri þolmörkum verðbólgu-markmiðsins. Að stórum hluta má rekja þá hækkun til verðhækkunar á eldsneyti og fasteignum. Trúverðugleiki Seðlabankans hvílir á því hvort honum tekst að ná fram markmiði sínu. Vonandi hefur aðlögun á markaði áhrif til að létta róður Seðlabankans við að hemja verðbólgu á komandi árum. Erendar rannsóknir benda til að trúverðugleiki verðbólgu-markmiðs aukist með tíð og tíma og trúlega verður það sama uppi á teningnum hérlendis.


Vaxtamunur við útlönd hefur aukist hröðum skrefum

Aukinn stýrivaxtamunur getur aukið innstreymi fjármagns í landið, til að njóta hærri vaxta en erlendis, sem getur tíma-bundið styrkt gengið. Slík þróun er varasöm þar sem vaxandi viðskiptahalli fylgir gjarnan háu gengi en það getur leitt til gengiskollsteypu síðar. Við þær aðstæður er brýnt að fjármálastofnanir, fyrirtæki og launþegar hafi hemil á lántökum og þróun kostnaðar í atvinnulífinu. Ennfremur þarf hið opin-

bera að koma að hagstjórninni í til að tryggja áframhaldandi stöðugleika. Það jákvæða er að eftir að gengið tekur að veikjast hefur það áhrif til að draga úr erlendum lántökum. Áhrif stýrivaxta Seðlabankans aukast þá og hratt dregur úr framleiðsluspennu. Sú var reynslan árið 2001 eftir að gengið hafði lækkað mikið og er líklegt að hið sama gerist í lok stóriðjuframkvæmda árið 2007.

Hið opinbera fær aukið vægi í hagstjórninni

Vel þekkt er að aðgerðir í opinberum fjármálum geta dregið úr sveiflum í efnahagslífinu. Með stóriðjuþjárfestingum eru horfur á aukinni spennu í hagkerfinu á næstu árum. Árið 2004 varð afkomubati í rekstri hins opinbera sem felst í að tekjuhalla árið 2003 var snúin í afgang árið 2004. Þá drógu opinber fjármál meira en tvö prósentustig af landsframleiðslunni. Það er dæmi um rétta hagstjórn. Í fjárlögum fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir ívið minna aðhaldi. Á mótí kemur aukið aðhald í peningastefnu Seðlabankans í formi hærri vaxta.



Afturgöngur í atvinnulífinu

Leiðari Íslensks iðnaðar snemma árs, undir yfirskriftinni Afturgöngur í atvinnulífinu, vakti enn og aftur athygli á tjóninu sem kennitöluflakk veldur á Íslandi. Í nóvember sté Einar Egilsson í Félagsbókbandinu Bókfelli fram og sagði reynslusögu fyrirtækis síns í blaðinu undir fyfirsögninni „Í klóm kennitöluhoppa.“ Vakti greinin mikla athygli og viðbrögð. Flestir stærstu fjölmiðlar landsins fjölluðu um ástæður og útbreiðslu kennitöluhoppis en forráðamenn Samtaka iðnaðarins leiddu kröfur um úrbætur. Þá rituðu

Hér á landi hefur það verið landlægt að fyrirtæki eru rekin árum saman þó að þau séu í reynd löngu orðin gjaldþrota. Stöðugt sígur á ógæfuhliða og engar skynsamlegar ástæður eru til að ætla að þeirri þróun verði snúið við. Þeir sem halda ótrauðir áfram í slíkum rekstri skaða vísitandi viðsemjendur sína.

Samtök iðnaðarins stærstu verkkaupum á markaði samhljóða erindi um aðgerðir gegn kennitöluhoppi. Vísað var til góðs árangurs af sams konar átaki gegn gerviverktöku fyrir nokkrum árum og lögð fram tillaga að stöðluðu ákvæði í útboðslýsingum til að hindra að fyrirtæki villi á sér heimildir með kennitöluhoppi. Árangurs er að vænta af þessu og SI þrýsta einnig á aðgerðir á fleiri vígstöðvum.



Afmæli Félags íslenskra gullsmiða



Félag íslenskra gullsmiða er meðal elstu starfandi fagfélaga á Íslandi enda á greinin sér djúpar sögulegar rætur. Það var stofnað 19. október 1924 og fagnaði því áttatíu ára afmæli á árinu. Af því tilefni stóð félagið fyrir sýningu í Gerðarsafni í Kópavogi. Þrjátíu og einn gullsmiður átti verk á sýningunni sem var sett upp á einkar eftirminnilegan og glæsilegan hátt á stóru langborði. Við opnunina sátu meistarasmiðirnir til borðs en forsetafrúin, Dorrit Moussaieff, sem sjálf er gullsmiður, stillti sér upp við borðsendann og lýsti sýninguna formlega opna. Félagsmenn voru 75 á afmælisárinu en árlega útskrifast að jafnaði tveir sveinar í gullsmíði. Enn er handsmíði í hávegum höfð hérlandis og mest unnið fyrir innanlandsmarkað en í stefnumótun fyrir greinina, sem SI stóð fyrir á haustmánuðum, kom fram vilji fyrirtækja í greininni til að huga meira að útflutningi. Á sá vilji meðal annars rót í þeirri staðreynd að sífellt stærri hluti af sölu gullsmiða er til erlendra ferðamanna á Íslandi og mun sá markaður væntanlega stækka mjög á næstu árum.

Útboðsmál - opinber innkaup

Málaflokkurinn er fyrirferðarmikill eins og ævinlega. Félagsmenn SI eiga mikið undir að vel takist til við þróun og framkvæmd opinberra útboða. Einna lengsta sögu eiga útboð verklegra framkvæmda en þar hefur lengst verið hefð fyrir opinberum útboðum og þátttöku einkafyrirtækja.

Tvíþætt starf

Skipta má starfi Samtaka iðnaðarins í tvennt. Annars vegar er unnið með einstökum fyrirtækjum í tilteknum málum. SI hafa metið stöðuna með aðildarfyrirtækjum og eftir atvikum hvatt þau til málareksturs og eftirfylgju eða gert það í þeirra nafni. SI merkja breytingu á þeim málum sem nú berast í samanburði við mál áður fyrr. Fyrir 5 til 10 árum tengdust ábendingar félagsmanna gjarnan skyldu opinberra fyrirtækja til að bjóða út og einnig voru algengar umkvartanir vegna opunarfunda og samanburðartilboða. Málin áttu langofast rætur að rekja til upphafs útboðsferlis. Hin seinni ár hafa virðast álitamál hins vegar verða til á seinni stigum útboðsferlis eða jafnvel eftir að samningssamband kaupanda og seljanda hefur komist á. Af þessum toga eru t.a.m. ábendingar verkataka um nauðsyn þess að verðtryggja verksamninga sem eru gerðir til lengri tíma en eins árs.

Hins vegar hafa Samtök iðnaðarins átt mjög gott samstarf við hóp opinberra verkkaupa varðandi bætt samstarf verkkaupa og verktaka við útboð og verklegar framkvæmdir. Samstarfið er m.a. fólgið í mótun verklagsreglna við útboð og val á verktaka, skilgreiningu á hæfni verktaka til verkefnastjórnunar og framkvæmd öryggismála við tímabundnar verklegar framkvæmdir. Til að tryggja árangur af þessu starfi hafa Samtök iðnaðarins útbúið og haldið námskeið um gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir og gerð öryggis- og

heilbrigðisáætlunar. Námskeiðin eru ætluð verkkaupum, verktökum, eftirlitsmönnum og öðrum sem koma að undirbúningi og stjórnun verklegra framkvæmda. Um 300 manns hafa sótt námskeiðin sem þykja hafa tekist mjög vel.

Akureyrarbær

Í samvinnu við Akureyrarbær hefur verið unnið að mótun samskiptareglna verkkaupa og verktaka við opinber útboð. Stuðst er við gæðakerfi Samtaka iðnaðarins í þessu verkefni og er vonast til þess að þetta samstarf geti orðið fyrirmynd að samskiptum opinberra verkkaupa og verktaka í framtíðinni.

Hugbúnaðarfyrirtæki og Ríkiskaup

Á árinu var endurvakinn samstarfshópur SUT og Ríkiskaupa um hugbúnaðarútboð. Hópurinn vann saman að gerð skýrslu um bætt verklag árið 2002. Hugbúnaðarfyrirtæki telja enn mjög brýnt að endurskoða og endurmeta verklag við útboð á sviði hugbúnaðargerðar. Þátttaka í útboðum hefur verið tímafrek og kostnaðarsöm. Í einstaka tilvikum hafa fyrirtæki þurft að verja allt að 1.000 klst. við þátttöku í einstaka útboðum. Hér er langt í land og mikið ógert að mati hugbúnaðarfyrirtækja.


Samband sveitarfélaga og innkaupareglur

SI hafa um árabil haldið því fram að innkaup sveitarfélaga ætti að samræma. Það hefur að vissu leyti verið gert þegar útboð ná lágmarksviðmiðunum EES en undir þeim mörkum er engin samræmd stefna, verklag eða reglur. Samband sveitarfélaga hefur nú hafið samstarf við SI um að móta slíkar reglur sem kynntar verða sveitarfélögum á miðju ári.

Útboðsþing

Á annað hundrað gestir sóttu árlegt Útboðsþing Samtaka iðnaðarins og Félags vinnuvélaeigenda sem haldið var föstudaginn 30. janúar 2004 á Hótel Loftleiðum. Þar var kynnt yfirlit yfir öll helstu útboð verklegra framkvæmda á vegum ríkisins, Reykjavíkurborgar og Kópavogs á þessu ári. Ætla má að alls verði boðin út verkefni fyrir tæpa 54 milljarða á vegum þessara aðila á árinu.

Verklegar framkvæmdir í milljónum króna
Upplýsingar frá Útboðsþingi í janúar 2004 og 2005



Samtök sprotafyrirtækja

Markmið SSP er að vinna að hagsmuna- og stefnumálum sprotafyrirtækja og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar hátækniðnaðar á Íslandi.

Í starfsreglum hinna nýju samtaka, sem samþykktar voru á stofnfundinum, er miðað við þá skilgreiningu að sprotafyrirtæki eru fyrirtæki sem spröttin eru úr rannsókn- eða þróunarverkefni einstaklinga, þróunarhópa, háskóla, rannsóknarstofnana eða annarra fyrirtækja og byggjast á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi á því sviði sem viðkomandi fyrirtæki starfar.

Miðað er við að fyrirtækin séu hlutafélög, einkahlutafélög eða samvinnufélög, að þróunarkostnaður fyrirtækjanna sé a.m.k. 10% af veltu og að þau séu ekki skráð í kauphöll.

Stefnumótun

Samtök sprotafyrirtækja voru stofnuð í kjölfar stefnumótunarvinnu á vegum Samtaka iðnaðarins með um 30 fyrirtækjum úr greininni. Þau eru góður þverskurður sprotafyrirtækja úr ólíkum starfsgreinum, s.s. upplýsingatækni, líftækni, orkutækni, heilbrigðistækni, véltækni og byggingartækni.

Í stefnumótuninni er framtíðarsýn greinarinnar skýrð og þær forsendur greindar sem þurfa að vera fyrir hendi til að gera hana að veruleika. Þá skilgreindu þátttakendur fjölda aðgerða sem stefnumótunarhópurinn raðaði í forgangsroð með tilliti til áhrifa á framtíðarsýnina og forsendur hennar. Eitt af áhersluverkefnum, sem fram komu í stefnumótuninni, var einmitt stofnun Samtaka sprotafyrirtækja.

Fyrstu stjórn SSP skipa þeir Jón Ágúst Þorsteinsson, MarOrku ehf., sem er formaður, Baldur Þorgilsson, Kine ehf., Egill Másson, Viasys Healthcare, Jón Helgi Egilsson, Klaki ehf. frumkvöðlasetri og Þórarinn Stefánsson, Hex hugbúnaði ehf.

Brýnustu verkefni

Helstu áhersluverkefni, sem fram komu í stefnumótun sprotafyrirtækjanna, voru á sviði stuðningsumhverfis, fjármögnunar og samstarfsfyrirtækjanna um sameiginleg hagsmunamál auk markaðs-, þróunar- og menntamála.

Verkefni stjórnar SSP hafa verið að skipuleggja starfsemina og afla fleiri félagsmanna úr röðum sprotafyrirtækja jafnframt því að hefjast handa við að vinna stefnumálum greinarinnar framgang. Meginþunginn í þeim áhersluverkefnum, sem fram komu í stefnumótunarvinnunni, liggur í að bæta fjárhagslegt umhverfi sprotanna m.a. með auknu framboði á áhættufjármagni og skattalegum hvötum. Eitt stærsta viðfangsefnið í því sambandi er gera lífeyrissjóðum kleift koma að uppbyggingu sprotafyrirtækja með þolinmóðu fjármagni sem þó beri ríkulegan ávöxt til langs tíma lítið.



Samtök sprotafyrirtækja - SSP, voru stofnuð miðvikudaginn 2. júní. Markmið SSP er að vinna að hagsmuna- og stefnumálum sprotafyrirtækja og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar hátækniðnaðar á Íslandi.

Félag jarðvinnu- og byggingaverktaka sameinast - Mannvirki stofnað

Þann 26. nóvember var haldinn stofnfundur sameinaðs hagsmunafélags jarðvinnu- og byggingaverktaka. Stofnfélagar eru 22 fyrirtæki í mannvirkjagerð. Hið nýja félag hlaut nafnið Mannvirki - félag verktaka. Á stofnfundi var Eiður Haraldsson, Háfelli ehf. kosinn formaður og Loftur Árnason, Ístaki varaformaður. Félagið mun starfa á sama grunni og með svipuðu fyrirkomulagi og forverar þess. Búast má við að verkefni á borð við útboðsmál, verkframboð og rekstrarumhverfi verktaka vegi þungt á málefna-skrá hins nýstofnaða félags.



Grænt bókhald

Árið 2004 var fjölmörgum fyrirtækjum gert skylt að skila inn grænu bókhaldi í fyrsta sinn. Það gerðist með laga-breytingu vorið 2001 með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og í kjölfarið var sett reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Fyrsta bókhaldsárið var árið 2003 og skila átti bókhaldinu í lok maí 2004. Fyrirmyndin að íslensku löggjöf-inni kemur frá Danmörku en ekki úr Evrópulöggjöf. Markmiðið með lögnum er tvíþætt.

Annars vegar er ætlunin að hvetja rekstraraðila til að fylgjast mark-visst með umhverfisáhrifum rekstursins og vinna að umbótum.

Hins vegar á bókhaldið að veita yfirlit, nágrönnum og öðrum sem áhuga hafa, upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað hjá fyrirtækjum sem geta haft í för með sér mengun. Þetta er gert með því að skila

einföldu tölulegu yfirliti um helstu umhverfisþætti rekstursins.

Mikilvægt stjórnæki

Rétt eins og fjárhagsbókhald fyrirtækis er grænt bókhald hluti af stærri mynd. Það er mikilvægt stjórnæki í markvissu umhverfisstarfi. Grænt bókhald er tæki eða verkfæri til að skrá og skilja stöðuna. Í framhaldi af því eru sett markmið, unnið að umbótum og fylgst með þróuninni.

Nokkur ár eru liðin frá því að slík löggjöf tók gildi í Danmörku. Það hefur sýnt sig að meira en helmingur þeirra, sem undir þau falla, hafa notað tækifærið og tekið upp markvissari vinnubrögð en áður við að skrá og meta umhverfisáhrif. Margir hafa nýtt sér þessi gögn í innra starfi og segja má að græna bókhaldið hafi vakið áhuga margra á að vinna frekar að því að byggja upp umhverfisstarf í fyrirtækinu.

Mikilvægt stjórnæki í markvissu umhverfisstarfi.



Eftirliti með landflutningum hrundið

Í janúar var verktakafyrirtækið Skóflan sýknað í Héraðsdómi Vesturlands af samtals fimm kröfum ríkisins sem risið höfðu af því að fyrirtækið neitaði að greiða gjald fyrir rekstrarleyfi til flutninga á landi. Samtök iðnaðarins höfðu stutt málsvörnina með ráðum og dáð enda er Guðmundur Guðjónsson eigandi Skóflunnar aðeins einn af fjölmörgum félagsmönnum sem ósáttir voru við hið nýja eftirlit. Ný lög um fólks-, vöru- og efnisflutninga á landi tóku gildi 1. september 2001 og í ársbyrjun 2002 hóf Vegagerðin strangt eftirlit sem bitnaði á iðnfyrirtækjum og verktakafyrirtækjum en ekki einungis á eiginlegum flutningafyrirtækjum. Eftirlitið var byggt á ströngustu útfærslu á ESB-tilskipun, sem þó gerði ráð fyrir undanþágu til þeirra ríkja sem það kysu, sérstaklega ef þau tilheyrðu ekki sameiginlegum landflutninga-

markaði í Evrópu. Segja má að Guðmundur hafi unnið fullnaðarsigur í réttinum sem markaði straumhvörf í málinu en SI höfðu mótmælt eftirlitinu frá byrjun og sagt það óþarft. Auk þess að styðja málarekstur Skóflunnar fyrir dómstólum höfðu SI sent rökstudda ábendingu til ráðgjafarnefndar um



opinberar eftirlitsreglur en hún starfar á vegum forsætisráðuneytisins og getur lagt fyrir ráðuneyti að vanda lagasmíð.

Í apríl komst nefndin að þeirri niðurstöðu að samgönguráðuneytinu bæri að endurskoða löggjöfina og meta á grundvelli almannahagsmuna arðinn af þessu tiltekna eftirliti. Ráðuneytið sendi SI og öðrum samtökum atvinnurekenda nýja hugmynd að löggjöf í lok ársins og er skemmst frá því að segja að atvinnurekendur sáu enn verulega meinbugi á málinu. Í sameiginlegri umsögn SA, SI og Samtaka ferðapjónustunnar var farið fram á að ráðuneytið skæri enn upp löggjöfina og léti alveg af eftirliti gagnvart fyrirtækjum sem alls ekki teljast flutningafyrirtæki. Eru nú líkur á því að hinu virka eftirliti Vegagerðarinnar verði hætt.

Samtök upplýsingatæknifyrirtækja

Aðalfundur SUT var haldinn í nóvember. Á fundinum kom fram að velta hugbúnaðariðnaðarins síðustu þrjú ár hefði verið um 20 milljarðar króna. Vöxturinn væri því ekki mikill og ekki í samanburði við það sem gerist í nágrannalöndum okkar. Starfsfólki hefur fækkað um 500 en að sama skapi hefur velta á hvern starfsmann aukist. Fram kom að bæta þarf arðsemi í greininni. Vöxtur í útflutningi hefur verið töluverður undanfarin ár þrátt fyrir tiltekna mettun á heimamarkaði.

Stuðningur og atvinnugreinaskipting hins opinbera stjórnskerfis er ekki í samræmi við þá breytingu sem átt hefur sér stað í uppbyggingu atvinnulífsins á sama hátt og víða erlendis. Mikilvægt er að vekja athygli á þeim miklu breytingum og að stuðningur opinbera kerfisins taki mið af þeim - bæði varðandi stuðning við rannsóknir og þróunarstarf og í heild. Markmiðið er að í framtíðinni skili UT-greinin 10% af þjóðartekjum, eins og fram kom í framtíðarsýn greinarinnar frá árinu 2002.

Vaskurinn brenglar myndina

Hagsmunasamtök upplýsingatæknifyrirtækja hafa lengi barist gegn þeirri skökku samkeppnisstöðu sem skapast vegna ákvæða skattalaga um að fjármálafyrirtæki og opin-berrar stofnanir greiði ekki virðisaukaskatt af starfsemi sinni. Með þessu er slíkum aðilum óheimilt að draga frá innskatt af keyptri þjónustu og fá endurgreiðslu sem aftur á móti hefur leitt til þess að þeir hafa haft hag af því að byggja upp eigin deildir sem sinna tölvuþjónustu og hugbúnaðargerð. Nú sjást þess merki að umsvif slíkra þjónustudeilda fara stórlega vax-



Samtökin hafa þó gert alvarlegar athugasemdir við þá túlkun RSK að þjónusta við rekstur stoðkerfa og uppsetningu vélbúnaðar teljist ekki í samkeppni.

andi með aukinni notkun upplýsingatækni á öllum sviðum þjóðfélagsins.

Nokkur bót fékkst á þessu vandamáli þegar ríkisskattstjóri lagði fram ákvarðandi bréf um breytingar á reglugerðum sem ætlað er að skerpa skilgreiningar, annars vegar á afmörkun sérfræðiþjónustu en hins vegar á því hvenær samkeppni telst vera fyrir hendi. Með þessu er nú mun skýrara hvaða innri þjónusta slíkra aðila telst eiga í samkeppni og í raun sagt að undir það falli starfssvið tölvunarfræðinga og sérfræðinga á því sviði.

Samtökin hafa þó gert alvarlegar athugasemdir við þá túlkun RSK að þjónusta við rekstur stoðkerfa og uppsetningu vélbúnaðar teljist ekki í samkeppni. Með því er ýmiss konar tölvu- og rekstrarþjónusta, eins og hýsing, undanskilin sem er ófært í þessu samhengi þar sem starfssvið tölvunarfræðinga er í auknum mæli einmitt á þessu sviði tölvuþjónustu. Rimman við RSK stendur nú um skilgreiningu á starfssviði tölvunarfræðinga. Óþolandi er hversu langan tíma hefur tekið að fá niðurstöðu í málið þrátt fyrir linnulausan þrýsting og fögur fyrirheit stjórnvalda.

Þekkingarreikningsskil

SUT hafa haft forystu um gerð fyrirmyndar að svokallaðri þekkingarskýrslu sem er ætlað að vera viðbót við hefðbundin reikningsskil og lýsa þeim verðmætum sem ekki er að finna í hefðbundnum ársreikningi. Þekkingarskýrsla lýsir hvernig gera skuli grein fyrir óefnislegum verðmætum fyrirtækja og hvaða mælikvarða skuli nota til þess. SUT er nú í forsvari fyrir norrænu verkefni sem heitir Putting Intellectual Capital into Practical Implementation sem miðar að því samræma skráningu þekkingarverðmæta UT fyrirtækja. Norræna nýsköpunarmiðstöðin styrkir verkefnið. Samstarfsaðilar eru samtök UT fyrirtækja á öllum Norðurlöndunum auk rúmlega tuttugu UT fyrirtækja innan þeirra vébanda. Fyrirtækin munu gera sínar eigin þekkingarskýrslur, svokölluð fyrstu kynslóðar fyrirtæki gera þrjár skýrslur og annarrar kynslóðar fyrirtæki gera tvær meðan verkefnið varir.

Vandi lífeyrissjóðanna

Undanfarin ár hafa æ fleiri sannfærst um að skynsamlegt og jafnvel að nauðsynlegt sé að breyta útreikningum á lífeyrisréttindum yfir í aldurstengda réttindaávinnslu í stað hefðbundins kerfis jafnrar ávinnslu. Með jafnri ávinnslu er átt við það að réttindi, sem fást fyrir greidd iðgjöld, eru óháð aldri sjóðfélaga en aldurstengd ávinnsla tekur mið af aldri sjóðfélaga og þar með hversu lengi iðgjöldin eru ávöxtuð í sjóðnum.



Ávinnsla réttinda misjöfn

Vandamál í tengslum við hefðbundna jafna ávinnslu réttinda stafa m.a. af því að launatekjur dreifast ekki jafnt yfir starfsævina, launaskrið er mismunandi og hækkandi iðgjalda-greiðslur á síðari hluta starfsævinnar gefa réttindi sem eru meiri en nemur verðmæti iðgjalda. Nokkrir lífeyrissjóðir, s.s. Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóðurinn Lífiðn, Samvinnulífeyrissjóðurinn o.fl. hafa þegar tekið upp aldurstengdan útreikning réttinda. Aðrir stórir sjóðir á borð við Lífeyrissjóðinn Framsýn, Lífeyrissjóður sjómanna og Lífeyrissjóður verslunarmanna hafa hins vegar ekki breytt sínum reglum. Þetta skapar tvíþættan vanda. Sameining lífeyrissjóða með mismunandi útreikning réttinda er ómöguleg og í öðru lagi er freistandi fyrir einstaka sjóðfélaga að greiða í lífeyrissjóð með aldurstengingu framan af starfsævi en skipta þá yfir í jafna réttindaávinnslu.

Eins og áður sagði hafa nokkrir lífeyrissjóðir þegar breytt yfir í aldurstengingu réttinda en þeir hafa gert það með ólíkum aðferðum. Sumir hafa haldið óbreyttu kerfi fyrir eldri sjóðfélaga en aðrir fært alla yfir í aldurstengt kerfi.

Óréttlátar byrðar

Í kjarasamningum á árinu 2004 var samið um almenna hækkun úr 6% í 7% á mótframlagi atvinnurekenda í samtryggingarlífeyrissjóði. Þessi breyting kemur fram hjá lífeyrissjóðunum sem veruleg launahækkun og eykur framtíðar skuldbindingar þeirra verulega að óbreyttum reglum. Þá eykur það enn á vandann, þótt af óskyldum toga sé, að vextir af löngum lánum hafa farið lækkandi og ævilíkur að lengjast en á sama tíma fer örorkubyrði sjóðanna svo ört vaxandi að líkja má við faraldur. Það er óþolandi ástand að örorkubyrði sé allri velt yfir á lífeyrissjóðina en almanna-tryggingakerfið og tryggingafélögin séu meira og minna í hlutverki varaskeifa gagnvart örorkubótum. Þannig eru t.d. í skaðabótalögnum ákvæði um að 60% af verðmæti þess örorkulífeyris, sem sem tjónþoli á rétt á frá eigin lífeyrissjóði, komi, komi til lækkunar bótakröfu vegna slysa. Þar með eru slysbætur frá vátryggingafélagi skertar á kostnað viðkomandi lífeyrissjóðs.

Miklar umræður hafa farið fram milli ASÍ og SA um framtíðarskipulag lífeyriskerfisins bæði vegna aðsteðjandi vanda, sem að ofan hefur verið rakinn, og einnig í tengslum við fyrirhugaða sameiningu tveggja af stærstu sjóðunum, þ.e. Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna. Í desember 2004 var undirritað samkomulag um að stefna að því að þeir lífeyrissjóðir, sem ekki hafa þegar breytt yfir í aldurstengingu, komist að samkomulagi fyrir 1. maí 2005 um samræmda og „milda“ aðferð við yfirfærslu úr jafnri í aldurstengda réttindaávinnslu.

Reynslan af evrunni

Samtök iðnaðarins, ásamt viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, efndu til fundar 21. september um reynslu þeirra ESB-ríkja sem hafa tekið evruna upp sem gjaldmiðil. Paul van den Noord, deildarstjóri í hagfræðideild OECD í París, sem sér um gerð árlegrar skýrslu stofnunarinnar um efnahagsmál á Evrusvæðinu, reifaði kosti og galla evrunnar og hvað þjóðirnar þurfa að gera til að njóta ávinnings af henni. Fram komi í máli hans að reynslan er afar góð frá því hún var tekin í notkun fyrir sex árum. En til að tryggja að hann sé sem mestur þurfa ríkin að huga vel að því að markaðir þeirra séu sveigjanlegir. Þá er mikilvægt að stuðla að háu menntastigi og viðleitni fyrirtækja að innleiða tækninýjungar, sérstaklega í hátekljölöndum.

Endurskoðun byggingarlaga

Endurskoðun skipulags- og byggingarlaga hefur staðið yfir undanfarin ár. Nokkur skriður komst á þá vinnu á árinu. Verið er að kljúfa lagabálginn annars vegar í skipulagslög og hins vegar í byggingarlög. Tvær nefndir vinna að endurskoðuninni og hafa SI átt sæti í þeirri nefnd sem endurskoðar byggingarlögin.

Fram til þessa hefur meginþungi vinnunnar snúið að endurskoðun stjórnarsýsluhluta laganna og þá sérstaklega með tilliti til þess að nú er gert ráð fyrir að Brunamálastofnun verði lögð niður. Í stað hennar verði sett á laggirnar Byggingarstofnun sem taki alfarið að sér byggingarmál en Skipulagsstofnun sjái um skipulagsmálin. SI fagna mjög þessari nýbreytni og telja að með þessu geti verið kominn grundvöllur fyrir því að sá málaflokkur, sem er einn sá mikilvægasti í samfélaginu, fái loksins þá stöðu í stjórnkerfinu sem honum ber.

Framundan er svo vinna við að semja þann hluta laganna sem snýr að sjálfum byggingaframkvæmdunum, ábyrgð og hlutverkum þeirra aðila sem koma að byggingaframkvæmdum, s.s. ríkis og sveitarfélaga, eigenda framkvæmda, iðnmeistara og hönnuða. SI leggja einnig áherslu á að samhliða gerð nýrra laga verði unnið að gerð nýrrar byggingarreglugerðar. Þannig að um leið og ný lög taka gildi verði einnig til byggingarreglugerð sem sé uppfærð m.t.t. nýju laganna.

Ekki grundvöllur fyrir TRÚ

Tryggingardeild útflutnings - TRÚ hefur það hlutverk að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og stærri verklegum framkvæmdum hérlendis.

Fyrir um þremur árum var tvísýnt um framhald á starfsemi TRÚ og þá beittu Samtök iðnaðarins sér fyrir því að stofnað var til samstarfsverkefnis til þriggja ára þar sem SI, Nýsköpunarsjóður, VÖMA og iðnaðarráðuneytið veittu samtals 24 milljónir til að blása lífi í starfsemi TRÚ. Sömu leiðis beittu Samtökin sér fyrir lagabreytingum til þess að rýmka heimildir TRÚ til að veita ábyrgðir.

Árangurinn af verkefninu hefur ekki verið í samræmi við vonir Samtaka iðnaðarins og veldur þeim vonbrigðum. Það virðist komið á daginn að íslenskir útflytjendur og bankar vilja ekki nýta sér þjónustu á borð við þessa eins og alsíða er í nágretta- og samkeppnislöndum. Aðeins örfá fyrirtæki hafa nýtt sér þjónustu TRÚ á liðnum árum. Samtök iðnaðarins telja fullreynt af sinni hálfu að efla starf TRÚ.

Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja



Jakob í Prokaria skýrir málin

Í lok maí stofnuðu nokkur fyrirtæki í líftækni með sér samtök og ákváðu að velja þeim stað innan vébanda Samtaka iðnaðarins. Í lok ársins voru félagsmenn sjö talsins: Bláa lónið heilsuvörur ehf., Lyfjaþróun hf., ORF Líftækni hf., Prokaria ehf., Rannsóknarþjónustan Sýni ehf., SagaMedica-Heilsujurtir ehf., UVS Urður, Verðandi, Skuld ehf.

Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja (SÍL) urðu til í kjölfar umfangsmikillar stefnumótunar fyrir greinina þar sem fjölmargir aðilar, sem tengjast líftækni, komu saman og mótuðu sér sameiginlega framtíðarsýn og skilgreindu forsendur fyrir því að hún gæti ræst. Markmið SÍL er að vinna að hagsmuna- og stefnumálum íslenskra líftæknifyrirtækja. Fyrstu stjórn SÍL skipa þeir Jakob K. Kristjánsson, Prokaria ehf., Einar Mäntylä, ORF Líftækni hf. og Snorri Þórisson, Rannsóknarþjónustunni Sýni ehf.

Starf SÍL hefur að mestu snúist um að afla nýrra félagsmanna og stuðla að gagnkvæmum kynnum innan greinarinnar og voru haustið 2004 skipulagðar einar fimm fyrirtækjaheimsóknir sem tókust vel. Á vefsetri SI hefur svæði verið helgað málefnum SÍL og líftækninnar.

Samstarf við AVS

Samtök iðnaðarins og AVS - rannsóknasjóður í sjávarútvegi hafa gert með sér samstarfssamning sem felur í sér að Samtök iðnaðarins taka að sér verkefnisstjórn fyrir Líftækniþóp AVS. Samtök iðnaðarins og AVS eru sammála um mikilvægi þess að auka samstarf á sviði líftækni til að efla og styrkja þessa vaxandi atvinnugrein. Samningnum er ætlað að vinna að þeim markmiðum á þann hátt að Samtök iðnaðarins taki að sér verkefnisstjórn fyrir Líftækniþóp AVS en jafnframt að AVS leggi sitt af mörkum til eflingar starfi SÍL. Með þessum hætti er ætlunin að stuðla að markvissri uppbyggingu og stefnumótun greinarinnar.

Stefnubreyting

Stjórn Nýsköpunarsjóðs markaði sjóðnum nýja stefnu í vor í kjölfar stefnumótunar sem unnin var í samvinnu við helstu aðstandendur og bakhjarla sjóðsins. Meginbreytingin felst í því að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins skilgreinir sig sem áhættufjárfesti sem tekur virkan þátt í þróun og vexti atvinnulífsins með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Hann einbeir sér að fjárfestingum en hefur alveg horfið frá því að veita styrki eða ábyrgðir.

Enn vantar fé

Því miður hefur Nýsköpunarsjóð skort tilfinnanlega fé til nýfjárfestinga um nokkurt skeið. Til þess að bæta þar úr var lögum um sjóðinn breytt á þann veg að honum er heimilt að stofna til sérstaks framtakssjóðs með öðrum fjárfestum. Mikil vinna hefur verið lögð í að móta hugmyndir um slíkan sjóð og mun reyna á það fyrri hluta ársins 2005 hvort af því verður. Einkum hefur verið horft til samvinnu við lífeyrissjóðina í þessu sambandi. Hugmyndin er sú að hinn nýi sjóður verði að meginstefnu til aftar í fjárfestingarferlinu en Nýsköpunarsjóður sjálfur. Hinn nýi sjóður mun því ekki bæta úr brýnni fjárförf til nýsköpunar í landinu nema að takmörkuðu leyti. Við þessu á að sjálfsgöðu að bregðast með því að efla sjóðinn og þar hefur ríkið veigamiklu hlutverki að þar eða fjárfestar á markaði ráða ekki við nauðsynlegar en áhættusamar nýsköpunar- og sprotafjárfestingar. Þar er með öðrum orðum markaðsbrestur. Þetta er viðurkennt í öllum samkeppnislöndum okkar og þar kemur ríkisvaldið alls staðar að framtakssjóðum með myndarlegum hætti.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ATVINNULÍFSINS

Við þessu á að sjálfsgöðu að bregðast með því að efla sjóðinn og þar hefur ríkið veigamiklu hlutverki að þar eða fjárfestar á markaði ráða ekki við nauðsynlegar en áhættusamar nýsköpunar- og sprotafjárfestingar.

Vísinda- og tækniráð tekur undir

Undir þessi sjónarmið tók Vísinda- og tækniráð á fundi sínum 17. desember 2004. Í ályktun ráðsins segir m.a: „Nýsköpun atvinnulífsins hefur liðið fyrir skort á áhættufjármagni til sprotafyrirtækja sem vilja nýta nýja þekkingu og hugmyndir. Fjárfestingar í nýjum fyrirtækjum, sem hagnýta þekktu tækni, eru einnig tregar.

Kröfur fjárfesta til arðsemi hafa aukist en þær eru háðar mati á áhættu. Einnig eru gerðar auknar kröfur um styttri binditíma á fjárfestingar þótt það gangi þvert á þarfir ungra fyrirtækja. Iðulega eru sprotafyrirtæki vart komin á rekstrarlega tryggja braut fyrr en eftir tíu til tólf ár. Það er almennt lengri tími en fjárfestar telja ásættanlegan. Þetta hefur leitt til þess að fjárfestar hafa lítt sinnt þörfum íslenskra sprotafyrirtækja fyrir áhættufé. ... Fjármagn til nýsköpunar í atvinnulífinu verður að vera samfellt svo að atvinnulíf þjóðarinnar endurnýst með eðlilegum hætti. ... Vísinda- og tækniráð beinir því til iðnaðarráðherra að láta kanna leiðir til að auka fjárfestingafé Nýsköpunarsjóðs fyrir næsta fund ráðsins.“ Mjög brýnt er að stjórnvöld bregðist við þessu ákalli ráðsins hið fyrsta.

Framleiðniátak í málmiðnaði

Samtök iðnaðarins og Málmur (Samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði) ásamt með Fræðslumiðstöð málmiðnaðarins hafa tekið höndum saman um sérstakt átak til að vinna með fyrirtækjum í málmiðnaði og starfsmönnum þeirra að aukinni framleiðni.

Átak þetta hófst sl. haust með því að samið var aðgengilegt kynningarefni um framleiðni, hvað hefur áhrif á framleiðni og hvaða tæki eða aðferðir

eru tiltæk til að auka hana. Að því loknu var efnt til fræðslufunda um þetta mikilvæga málefni í tíu málm- og vélsmiðjum þar sem allir starfsmenn voru kallaðir saman. Þessir kynningarfundir tókust mjög vel og starfsmenn tóku virkan þátt í umræðunni og tengdu hana aðstæðum á hverjum stað. Þannig leggja þeir sitt af mörkum við að bæta samkeppnisstöðu fyrirtækisins og treysta grunn að bætum

kjörum enda augljóst að fyrirtæki, sem stendur sig í samkeppni, hefur að öðru jöfnu betri forsendur til að gera vel við starfsmenn sína.

Nú er verið að stíga næsta skref í þessu framleiðniátaki. Það er að skipuleggja og bjóða síðan aðgerðir í framleiðnimálum í þeim fyrirtækjum sem þess óska.

Úrvinnslugjald á umbúðir

Í lok árs 2004 var samþykkt breyting á lögum um úrvinnslugjald þar sem lagt er gjald á umbúðir úr pappa, pappír og plasti. Úrvinnslugjald á einnig að leggjast á veiðarfæri en heimild er til þess í lögnum að útgerðarmenn taki sjálfir að sér söfnun og förgun veiðarfæra og þá kemur ekki til gjaldtöku. Ánægjulegt er að einnig var ákveðið að úrvinnslugjald lækki á rafhlöðum, hjólbörðum, ökutækjum og samsettum drykkjarvöruumbúðum.

Úrvinnslugjald er lagt á vörur við innflutning eða framleiðslu og er gjaldinu ætlað að standa undir söfnun, flutningi og förgun vörunnar þegar hún hefur þjónað hlutverki sínu.

Úrvinnslugjald er lagt á vörur við innflutning eða framleiðslu og er ætlað að standa undir söfnun, flutningi og förgun vörunnar þegar hún hefur þjónað hlutverki sínu. Markmið laganna er að stuðla að flokkun úrgangs en söfnun á vel flokkuðum einsleitum úrgangi er forsenda fyrir endurvinnslu hans. Segja má að ástæður þess að sett er úrvinnslugjald séu þrjúþættar. Í fyrsta lagi er úrvinnslugjald á spilliefnum sem eru hættuleg mönnum og umhverfi og því er mikilvægt að þau fari í viðeigandi eyðingu. Í öðru lagi hafa Íslendingar tekið á sig alþjóðlegar skuldbindingar um endurvinnslu, t.d. gegnum Evróputilskipanir um umbúðaúrgang. Í þriðja lagi hefur Alþingi ákveðið að taka á tilteknum málaflokkum eins og veiðarfærum.

Flókið mál

Það er talsvert snúið mál að innheimta gjald sem þetta af umbúðum. Umbúðir eru utan um nær allar vörur sem koma til landsins eða eru framleiddar hér. Valin hefur verið sú leið að leggja gjaldið á við framleiðslu umbúða innanlands og við innflutning á vörum. Því mun þurfa að gefa upp þyngd umbúða við tollskýrslugerð. Úrvinnslugjald á umbúðir hefur verið ákveðið 10 kr/kg. Rétt er að taka fram að hjá fyrirtækjum mun koma lækkan á kostnaði á móti þar sem ekki verður tekið gjald fyrir skil á slíkum úrgangi. Forsendan fyrir því er þó að umbúðaúrgangi sé skilað flokkuðum. Álagning úrvinnslugjalds á umbúðir hefst 1. september 2005.

Greiðsla vegna móttöku umbúða verður innleidd í áföngum þannig að 1. apríl 2005 verður tekið á móti plastfilmum frá fyrirtækjum og bylgjupappa en öðrum umbúðum frá 1. mars 2006.

Olúgjald í stað þungaskatts



Á lokadögum þings sl. vor var samþykkt frumvarp fjármálaráðherra um olúgjald sem leysa skal þungaskatt af hólmi. Samkvæmt lögnum, sem taka gildi í júlí 2005, verður olúgjald að fjárhæð 45 krónur lagt á hvern lítra af díselolíu. Greiða verður slíkt gjald af öllum bifreiðum við afgreiðslu frá olíufélagi líkt og nú á við um bensín. Að auki verður lagt sérstakt kílómetragjald á bifreiðar og vagna sem eru þyngri en 10 tonn.

Með þessari breytingu verður ódýrara að aka léttum bílum en dýrara að aka þeim þyngri. Þessi aukna gjaldbyrði hefur komið í ljós við útreikninga á gjaldbyrði fjölmargra stórra atvinnubíla. Í sumum tilvikum hækka álögur um 10-20 % en margfaldast í öðrum. Bílar, sem aka stuttar vegalengdir, verða harðast úti við þessa breytingu og langmest þeir bílar sem jafnframt knýja einhver tæki, s.s. götusópar og gámabílar. Kranabifreiðar og sumir vörubílar með krana og steypubílar eru undanþegnir olúgjaldi og kílómetragjaldi og hið sama á við um langferðabifreiðar.

Samtök iðnaðarins eru í hópi fjölmargra samtaka atvinnurekenda sem lögðu til við fjármálaráðuneytið að lagt yrði olúgjald á bifreiðar undir 10 tonnum en ekki á þyngri bifreiðar. Þær verði látnar greiða þungaskatt eða kílómetragjald og þá hærra gjald en greitt er í núverandi þungaskattkerfi. Þungaskattkerfið er skilvirkt og auðvelt að hækka álögur ef hið opinbera telur þess þurfa. Síðast en ekki síst hillir undir nýja sjálfvirka mælataekni sem á eftir að gera það enn auðveldara og ódýrara í rekstri. Ennfremur er stefna ESB sú að umferð skuli skattlögð í samræmi við eigna vegalengd en ekki eldsneytisnotkun líkt og nú er gert seint og um síðir með upptöku olúgjalds hérlandis þegar aðrar þjóðir eru að hverfa af þeirri braut. - Á þessi sjónarmið hefur fjármálaráðuneytið ekki fallist á og fer sínu fram. - SI telja lögin fela í sér mismunun eftir tegundum og notkunarviði bifreiða. Slíkt sé ekki boðlegt í nútíma skattheimtu.



Markmið átaksins er að vekja fyrirtæki, stofnanir og almenning til vitundar um mikilvægi Íslenskrar framleiðslu fyrir atvinnu- og verðmætasköpun í landinu.

Samstaða skilar góðum árangri

Hjá SI er unnið að markaðsmálum, kynningum, ráðstefnum og sýningum fyrir aðildarfyrirtæki, fagfélög og starfsgreinahópa innan SI. Að auki veita Samtökin ráðgjöf við skipulagningu og framkvæmd einstakra verkefna á sviði markaðsmála og kynningar.

Sóknarfæri fyrir íslenska framleiðslu og þjónustu

Átakið Veljum íslenskt - og allir vinna hófst formlega í ágúst-lok. Markmið þess er að vekja fyrirtæki, stofnanir og almenning til vitundar um mikilvægi íslenskrar framleiðslu fyrir atvinnu- og verðmætasköpun í landinu. Auk þess er átakanu ætlað að efla málefnalega umræðu um hlut íslenskrar framleiðslu í atvinnulífinu og efla markaðshlutdeild íslenskra vara og þjónustu á samkeppnismarkaði.

Þetta er í annað sinn sem gert er átak undir þessum formerkjum. Hið fyrra, Íslenskt já takk, stóð frá 1992-1995 og þótti takast mjög vel. Þá voru reyndar aðrar aðstæður í þjóðfélaginu, almennur samdráttur og takmörkuð ástæða til bjartsýni.

Nú er öldin hins vegar önnur, gengi krónunnar sterkt, áberandi uppsveifla og bjartsýni í samræmi við hana. Við þær aðstæður á íslensk framleiðsla hins vegar í vök að verjast á samkeppnismarkaði, missir hlutdeild frekar en að auka hana. Því er ærin ástæða til að minna á gildi íslenskrar framleiðslu og þjónustu.

Meistarinn.is vekur athygli neytenda

Markaðsvefurinn Meistarinn.is - þar sem þú finnur fagmenn til verksins - er gott dæmi um árangur sem byggist á sam-

stöðu aðildarfyrirtækja innan SI. Þar er að finna aðgengilegar upplýsingar um fyrirtæki og sjálfstæða atvinnurekendur í flestum greinum iðnaðar og þjónustu innan SI, flokkaðar eftir tegund þeirrar þjónustu sem neytendum stendur til boða. Vefurinn hóf göngu sína 15. febrúar 2003. Fylgst er með heimsóknum á vefinn en hann hefur verið mikið kynntur í tengslum við Daga iðnaðarins sem og í tengslum við önnur markaðsverkefni SI. Að meðaltali heimsækja um 1.700 manns vefinn í hverjum mánuði í leit að meisturum og fagfólki til tiltekinna verka og/eða til að afla sér upplýsinga um íslenska framleiðendur tiltekinnar vöru eða þjónustu.



Frá Íslenskum dögum í Fjarðarkaupum í október



Íslenska matarkarfan í landsleik SI og bakarianna

Á Íslenskum dögum er lögð megináhersla á nýjungar og áhugaverða framsetningu á vörum og þjónustu.

Íslenskir dagar í verslunum

Samstarf er um Íslenska daga í matvöru- og sérvöruverslunum í þeim tilgangi að efla vitund neytenda um íslenska framleiðslu. Þegar hefur verið samið við matvörukeðjur um þátttöku í verkefninu og mikill áhugi er meðal framleiðenda. Á árinu voru haldnir Íslenskir dagar í öllum verslunum Hagkaupa, í Fjarðarkaupum og Samkaupum/Úrvali en allar þessar verslanir bjóða fjölbreytt vöruval og hátt þjónustustig.

Fullveldiskaka

Að frumkvæði SI og Landssambands bakarameistara var kynnt Fullveldiskaka á fullveldisdaginn 1. desember. Kakan vakti athygli fjölmiðla og hlaut góðar viðtökur landsmanna. Sjónvarpið vakti athygli á að fullveldisdagurinn væri hinn raunverulegi þjóðhátíðardagur Íslendinga og að hann hefði í eina tíð verið haldinn hátíðlegur um land allt en af veður-farsástæðum hefði 17. júní, fæðingardagur Jóns Sigurðssonar, forseta, verið valinn til að gegna því hlutverki.



Fullveldiskaka íslensku þjóðarinnar 2004



Ungt fólk þrýðir kynningarmynd átakins á Íslenskum dögum í verslunum. Þetta eru þau Inga Huld Guðmannsdóttir, Stefán Sigtryggsson og Ragnar Brynjarsson en myndina tók Kristján Maack, ljósmyndari.

Árangursríkt verkefni í endurmenntun

Haustið 2003 var ófaglærðu starfsfólki í bókbandi með tíu ára starfsreynslu eða meira boðið að hefja nám til sveinsprófs í bókbandsiðn. Prenttæknistofnun stóð fyrir verkefninu með stuðningi Starfsmenntasjóðs ríkisins og skipulagði verklegan þátt námsins en fagbóklegur og bóklegur þáttur þess var í umsjón Iðnskólans í Reykjavík. Skipulag námsins var sérsniðið að þörfum hópsins en inntak þess tók mið af aðalnámskrá Menntamálaráðuneytisins í hvívetna.

Sautján starfsmenn bókbandsstofa í Reykjavík og á Akureyri þágu boðið og fimmtán þeirra luku sveinsprófi. Þeir fengu sveinsbréf sín afhent með viðhöfn eftir strangt nám samhliða vinnu.

Ályktun Iðnbings 12. mars 2004

Tekist hafa kjarasamningar sem ætla má að marki stefnu fyrir kjarasamninga sem fylgja í kjölfarið. Eins og áður er teft á tæpaþa vað í þessum samningum, sérstaklega ef tekið er mið af þröngri stöðu samkeppnisgreina og miklum launahækkunum undanfarin ár. Laun á Íslandi, sem hlutfall af virðisauka, eru orðin með því hæsta sem þekkt á byggðu bóli.

Gera má ráð fyrir nokkru launaskriði og að verðbólgan fari í allt að 4% á næstu árum sem eru efri mörk verðbólguþröngmiða. Fyrirtækin verða að auka framleiðni verulega til þess að geta staðið undir þessum samningum.

Framundan er mikil fjárfesting í stóriðju, gengi íslensku krónunnar verður hátt og vextir verða háir. Við þessar aðstæður er líklegt að hefðbundinn iðnaður dragist saman og störfin færast í auknum mæli úr landi eða erlendu verkafólki fjölgi hérlendis á næstu árum. Síðari kosturinn er tvímælaust vænlegri.

Á undanförunum árum hafa íslensk fyrirtæki, sem byggjast á hátækni og hugviti, sótt fram á erlendum mörkuðum og náð ótrúlegum árangri á sviði-

um sem fæsta hefði áður órað fyrir. Forsendur þess árangurs eru frumkvöðlar, góðar hugmyndir, þrautseigja, menntun og þolinmótt fjármagn. Taka verður mið af þessum þörfum atvinnulífsins.

Tilfinnanlegur skortur er á velmenntuðu fólki á sviði iðn-, verk-, tækni- og raungreina. Gera verður áttak til þess að bæta hér úr.

Ríkið hefur með réttu dregið sig af

bankamarkaði. Það hefur hins vegar mikilvægu hlutverki að gegna til að tryggja fjármagn til nýsköpunar. Þar eiga lífeyrissjóðir einnig að leggja sitt af mörkum. Brýna þörf ber til að Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins verði eflur og gerður að öflugum framtaksfjárfesti. Reynslan sýnir að sprotar eru lengi að vaxa en þeir eru engu að síður forsenda fyrir hagvexti framtíðarinnar.



Iðnbingsgestir 2004


Fjölmiðlabúðir

Fjölmiðlar hafa mikil áhrif á þekkingu og viðhorf almennings til flestra mála. Atvinnulífið er þar engin undantekning. Mikilvægt er að fjölmiðlamenn hafi góða undirstöðuþekkingu á uppbyggingu og þróun atvinnulífsins og hvaða skilyrði það þarf að búa við til þess að standa undir velferð og skapa störf. Mjög miklar breytingar hafa orðið í íslensku atvinnulífi undanfarinn áratug eða svo. Þær eru svo mikilar að nánast má líkja þeim við byltingu. Nýjar

greinar hafa rutt sér mjög til rúms en aðrar látið undan síga. Fyrirtæki hafa stækkað mikið og útrás íslenskra fyrirtækja og umsvif erlendis eru allt önnur en áður þekktist. Óhætt er að segja að alþjóðavæðing íslensks atvinnulífs hafi tekið fjörkipp. Framleiðslufyrirtæki hafa í auknum mæli orðið að bregðast við samkeppni með því að að flytja framleiðslu til láglauNALANDA. Nýsköpun og hátækni, sem leiða til mikils virðisauka, eru okkur nauðsyn.

Stjórn Samtaka iðnaðarins, ásamt nokkrum starfsmönnum, efndi til málþings með nokkrum fulltrúum fjölmiðla-anna að Hótel Búðum til þess að ræða þessi mál í víðu samhengi og skiptast á skoðunum og upplýsingum. Ekki fór milli mála að fundurinn var bæði þarfur og gagnlegur. Fyrirhugað er að hér verði framhald á og Samtökin hafa einnig hug á að efna til svipaðs málþings með stjórnmalamönnum.

Hvernig telur þú aðstæður í efnahagslífinu fyrir iðnaðinn?
Félagsmenn Samtaka iðnaðarins spurðir í febrúar 2004



Hófleg bjartsýni

Í febrúar 2004 gerði Gallup í fyrsta sinn könnun fyrir Samtök iðnaðarins um væntingar í iðnaði fyrir komandi mánuði og misseri. Slíkar kannanir verða framvegis gerðar í upphafi hvers árs. Segja má að hófleg bjartsýni hafi einkennt niðurstöðurnar. Meirihluti spurðra gerði ráð fyrir einhverri fjölgun starfsmanna, aukinni veltu og auknum hagnaði. Flestir töldu þó litlar breytingar framundan. Um 26% gerðu þó ráð fyrir samdrætti í fjárfestingum árið 2004 miðað við 2003 en 17% gerðu ráð fyrir aukningu. Langflestir gerðu hins vegar ráð fyrir að fjárfestingar yrðu svipaðar. Þegar spurt var almennt um horfur í efnahagslífinu sögðu 40% þær góðar og sama hlutfall taldi þær verða betri um mitt árið 2004 en 48% töldu þær verða betri um áramótin 2004/2005 en í upphafi ársins 2004.

Félagsmenn jákvæðir


Gallup spurði að venju fyrir Samtök iðnaðarins um viðhorf til Evrópumála. Nánast jafnmargir eru hlyntir aðild að ESB og eru henni andvígir og þá gildir einu hvort almenningur eða

félagsmenn Samtaka iðnaðarins eiga í hlut eða rúmlega 40% en aðrir eru óákveðnir. Félagsmenn SI eru mun jákvæðari í þessari könnun en þeirri sem gerð var í febrúar 2003. Nú voru nákvæmlega jafnmargir hlyntir og andvígir en í febrúar 2003 voru 35% hlyntir en 46% andvígir en það var í fyrsta og eina skipti síðan farið var að kanna viðhorf félagsmanna til aðildar að ESB að þeir, sem eru hlyntir aðild, voru færri en þeir sem eru henni andsnúnir.

Í könnuninni, sem var gerð í febrúar 2004, sögðust um 67% félagsmanna og um 63% almennings hlynt því að taka upp aðildarviðræður við ESB um aðild Íslands og er það mjög svipað hlutfall og árið 2003.

Fyrir um ári spurði Gallup fyrir Samtök iðnaðarins um áhrif EES-samningsins á íslenskt samfélag í tilefni af 10 ára afmæli hans. Forráðamenn fyrirtækja í iðnaði velktust ekki í vafa og töldu rúm 82% áhrifin jákvæð en aðeins tæp 7% neikvæð. Svipað var uppi á teningnum þegar almenningur var spurður, 72% töldu ákvæðin jákvæð en 12% neikvæð.

Viðhorfskönnun meðal félagsmanna um Evrópumál
Gerð af Gallup í febrúar 2004



Sameining THÍ og HR

Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, Verslunarráð Íslands og menntamálaráðherra undirrituðu í október viljayfirlýsingu um stofnun einkahlutafélags sem tekur yfir starfsemi Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands. Með þessum atburði urðu þáttaskil í áralangri baráttu SI fyrir því að gera THÍ kleift að þjóna iðnaðinum um meiri og fjölbreyttari verk- og tæknimenntun.



Ingimundur Sigurpálsson, SA, Guðfinna Bjarnadóttir, HR, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, Stefánia K. Karlsdóttir, THÍ, Jón Karl Ólafsson, VÍ, Vilundur Jósefsson, SI

Samtök iðnaðarins binda margs konar vonir við nýjan sameinaðan háskóla. Nefna má eftirfarandi:

- Aukin áhersla á verkfræði og tæknifræði.
- Kennaramenntun í samræmi við þarfir atvinnulífsins.
- Kennsla í vinnustaðakennslu.
- Fjölbreytt menntastofnun.
- Samstarf við fræðslustofnanir og rannsóknastofnanir.

Gæðastjórnunarkerfi á Netinu

Það framtak Samtaka iðnaðarins síðastliðin sjö ár að bjóða félagsmönnum sínum aðgang að drögum að gæðakerfi hefur mælst vel fyrir. Nú þegar hafa hátt í 90 fyrirtæki nýtt sér þessa þjónustu með einum eða öðrum hætti. Sérniðin drög að gæðakerfum eru til fyrir hinar ýmsu starfsgreinar og félagasamtök innan Samtakanna. Gæðastjórnunarkerfi er því að verða sjálfsagt stuðningsverkfæri og hluti af daglegri tilveru margra stjórnenda.

Frá því að Samtökin keyptu frumútgáfu af kerfinu frá Noregi á sínum tíma hefur það verið lagað að íslenskum aðstæðum og því starfsumhverfi sem hér er. Mikil vinna hefur verið lögð í að gera allan aðgang og aðferðir við að ferðast um kerfið myndrænni og einfaldari en áður var en notkunin byggist eingöngu á því að notendur eigi og kunni á word og excel.

Þau fyrirtæki, þar sem starfsmenn hafa náð tökum á notkun gæðakerfisins, eiga mjög auðvelt með að verða við kröfum verkkaupa um að leggja fram kynningu á gæðatryggingu fyrirtækisins áður en skrifað er undir samning um verklegar framkvæmdir

Gæðakerfið hefur reynst byltingarkennt hjálpartæki fyrir marga til að halda utan um þau aukaverk og breytingar sem verða óneitanlega oft á verk tímanum. Það hefur því skilað fyrirtækjunum umtalsverðum fjármunum sem þau hefðu annars orðið af.

Gæðakerfi á Netinu

Samtök iðnaðarins bjóða nú félagsmönnum sínum, sem hefja innleiðingu gæðastjórnunar í samvinnu við SI, að vista gæðahandbók sína á vefsetri Samtakanna í eitt ár. Að því loknu geta þeir vistað handbókina á eigin vefsetri á eigin netþjóni eða tölvu. Meðan gæðahandbókin er vistuð á vefsetri SI sér starfsmaður SI um uppfærslu eftir þörfum. Þegar sá háttur er hafður á verður samstarf við verkefnisstjóra markvissara. Það sparar fyrirtækjunum töluverða vinnu og gerir gæðakerfið aðgengilegra og virkara stuðningstæki fyrir starfsmenn fyrirtækjanna. Hafi þeir, sem hingað til hafa unnið að uppbyggingu gæðahandbókar í samvinnu við Samtökin, áhuga á að birta gæðahandbók sína á eigin vefsetri eru starfsmenn SI reiðubúnir að veita þeim aðstoð eftir getu.

Aðstoð SI

Dæmi um verklagsreglur af ýmsu tagi er að finna í drögum gæðakerfisins og með aðstoð eða undir leiðsögn verkefnisstjóra SI endurskrifa starfsmenn sérhvers fyrirtækis þessar verklagsreglur og laga eyðublöð að eigin rekstri.

Að því loknu sér verkefnistjóri SI um að vista skjölin á réttum stað á Netinu þannig að þau verða aðgengileg fyrir þá sem þangað sækja. Þau fyrirtæki, sem nú þegar eiga vísi að gæðakerfi og hafa áhuga á að vista það á eigin vefsetri, geta leitað ráða og aðstoðar hjá SI.

Lyfjapróun hf. fær verðlaun fyrir nýsköpun

Nýsköpunarverðlaun Rannís og Útflutningsráðs hafa verið veitt árlega frá því 1994. Tilgangur verðlaunanna er að vekja athygli á þeim mikilvægu tengslum sem eru á milli aukinnar verðmætusköpunar í atvinnulífinu og rannsókna og þekkingaröflunar.

Lyfjapróun hf. hreppti verðlaunin að þessu sinni og er fjórða aðildarfyrirtæki Samtaka iðnaðarins sem hlýtur þau. Óhætt er að segja að Lyfjapróun hf. sé gott dæmi um nýsköpunarfyrirtæki og sérlega vel að viðurkenningunni komið. Fyrirtækið var stofnað árið 1991 og hefur síðan unnið að lyfjarannsóknum.



Starfsmenn þess eru 32 og þar af hafa níu doktorspróf. Lyfjapróun hefur aflað sér fjögurra einkaleyfa og er að ná mjög góðum árangri í störfum sínum. Saga Lyfjapróunar hf. sýnir glögg að það þarf góða hugmynd, þrautseigju og þolinmótt fjármagn til þess að nýsköpunarfyrirtæki á borð við Lyfjapróun hf. nái árangri.

Það var iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, sem afhenti Sveinbirni Gizurarsyni, framkvæmdastjóra, verðlaunin fyrir hönd Lyfjapróunar hf. á Nýsköpunarþingi 19. ágúst.

Hlutverk Úrvinnslusjóðs

Segja má að ólíkir aðilar sjái hlutverk Úrvinnslusjóðs með ólíkum hætti. Sveitarfélögin líta gjarnan svo á að sjóðnum sé ætlað það hlutverk að létta af þeim að fullu og öllu kostnaði af þeim úrgangsflokkum sem falla undir lög um úrvinnslugjald. Atvinnulífið lítur aftur á móti svo á að sjóðnum sé ætlað að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um endurnýtingu og endurvinnslu tiltekinna tegunda úrgangs með sem allra hagkvæmstum hætti.

SI mótmæltu því harðlega að sveitarfélögin fengju að færa kostnað af eigin grenndargámum yfir á atvinnulífið.

SI tóku afdráttarlausu afstöðu gegn fram komnum óskum sveitarfélaga um að úrvinnslugjald verði lagt á dagblöð, tímarit og bæklinga. Hlutverk Úrvinnslusjóðs er að stuðla að því að Íslendingar fullnægi tilteknum kröfum í umhverfismálum samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum en fyrrnefndir vöruflokkar falla hins vegar ekki undir lög 162/2002 um Úrvinnslugjald og ekki er vitað til þess að slíkt gjald sé lagt á þá vöruflokka í nágrennalöndunum. Reglur ESB, sem okkur ber að innleiða á grundvelli EES samningsins, kveða heldur ekki á um þetta og SI mótmæltu því harðlega að sveitarfélögin fengju að færa kostnað af eigin grenndargámum yfir á atvinnulífið.

Sveitarfélögin innheimta nú þegar sorphirðugjald og ef þau vilja ganga lengra í flokkun sorps, t.d. með því að setja upp gáma fyrir dagblöð eða annað þess háttar, er engan veginn sjálfgefið að þau geti velt kostnaðinum við það yfir á fyrirtækin. Auk þessa drógu SI kostnaðarútreikninga sveitarfélaga og Sorpu mjög í efa enda hafa SI ekki fengið að sjá neinar forsendur fyrir þeim.



Samkeppnislöggjöfin og afstaða iðnaðarins

Samkeppnismál voru í brennidepli samfélagsmæðunnar á árinu og á haustmánuðum kynnti viðskiptaráðherra niðurstöður nefndar á sínum vegum um íslenskt viðskiptaumhverfi. Voru jafnframt boðaðar breytingar á löggjöf á grundvelli þessara niðurstaðna. Stjórn SI skipaði sérstakan vinnuhóp til að fjalla um málið og gera tillögu til stjórnar um viðbrögð af hálfu iðnaðarins. Víglundur Þorsteinsson í BM-Vallá var formaður hópsins en aðrir fulltrúar þeir Helgi Magnússon hjá Hörpu-Sjöfn, Hreinn Jakobsson í Skýrr, Jón Dírík Jónsson frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar og Þorgeir Baldursson í Prentsmiðjunni Odda. Í erindi Samtaka iðnaðarins til ráðherra var því m.a. harðlega mótmælt hversu rík


áhersla er lögð á að takmarka stærð íslenskra fyrirtækja. Að mati SI er þetta tímaskekkja og beinlínis hættulegt íslensku atvinnulífi, sérstaklega samkeppnisgreinum sem sækja fram á alþjóðlegum markaði. Samkeppnisfyrirvöld eiga að leggja áherslu á virkt eftirlit með hegðun á markaði til að koma í veg fyrir samráð eða þvinganir. Sérstaklega er vakin athygli á nauðsyn þess að greina betur milli stórra fyrirtækja sem skráð eru á markaði og lítilla fyrirtækja sem kjósa sér ehf. formið. Strangari kröfur eru nauðsynlegar fyrir stærri fyrirtæki en leggja alltof miklar skyldur á herðar minni fyrirtækja. Lesa má niðurstöðurnar í heild sinni á www.si.is

Jöfnunaraðgerðir í skipaiðnaði

Árið 1985 var gefin út reglugerð um endurgreiðslu tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða. Með henni var mörkuð leið til að endurgreiða skipaiðnaðinum útgjöld vegna tolla, vörugjalda o.fl. sem sannanlega skekktu samkeppnisstöðu þessarar atvinnugreinar gagnvart erlendum keppinautum sem ekki þurftu að standa skil á slíkum álögum með sama hætti. Sú reglugerð leiddi til þess að ríkissjóður endurgreiddi skipaiðnaðinum 6,5% af samningsverði nýsmíða og meiriháttar viðgerða og breytinga á eldri skipum. Síðustu ár hefur þessi hlutfallstala þó lækkað í raun niður í ca. 4,5% ef skrokkur viðkomandi skips var smíðaður erlendis. Með þessum endurgreiðslum var talið að mismunun í samkeppnisstöðunni hefði að nokkru verið jöfnuð.

Íslensk skipaiðnaðarfyrirtæki greiða sannanlega tiltekin aðflutningsgjöld af efni og tækjum sem erlendir keppinautar eru lausir við.

Undanfarið hefur ráðherraskipuð nefnd unnið að endurskoðun þessarar reglugerðar og borið hana m.a. saman við ákvæði alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir frá því að hún var gefin út. Fram höfðu komið áhyggjur stjórnvalda af að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gæti litið á reglugerðina og framkvæmd hennar sem duldar niðurgeiðslur til skipaiðnaðarins hér á landi enda þótt hún hefði eingöngu verið sett til að jafna mismunun við erlenda keppinauta sem ekki þurfa að greiða ýmis gjöld, svo sem vörugjöld og tolla af aðföngum í skip.



Nefndin komst að þeirri meginniðurstöðu að íslensk skipaiðnaðarfyrirtæki greiða sannanlega tiltekin aðflutningsgjöld af efni og tækjum sem erlendir keppinautar eru lausir við. Því sé bæði skylt og eðlilegt að miða við að ríkissjóður endurgreiði viðkomandi fyrirtækjum 6% af smíðaverði skipa og einnig þegar um er að ræða endurnýjun skipa sem eru í beinni samkeppni við erlendar stöðvar. Engin rök séu fyrir því að skerða þetta endurgreiðsluhlutfall þótt skrokkar skipa séu smíðaðir erlendis.

Vinnustaðanám - tilraunaverkefni

Nú stendur yfir tilraunaverkefni um vinnustaðanám sem lýkur í lok árs 2005. Það byggist á samkomulagi menntamálaráðuneytisins við Fræðslumiðstöðvar málmíðnaðarins, Fræðsluráð hótél- og matvælagreina, Prentæknistofnun, Sjúkraliðafélag Íslands og Viðskiptaháskólann á Bifröst.

Enda þótt línur séu nokkuð skýrar hvað varðar þann tíma, sem iðnnemar eiga að fá starfsþjálfun á vinnustöðum áður en þeir gangast undir sveinspróf, hefur inntak þessa hluta námsins ekki verið á hreinu. Hvaða þjálfun á nemandinn með réttu að fá? Hvernig

hvernig fellur sú þjálfun að daglegri starfsemi fyrirtækisins? Hver á að greiða fyrir þann kostnað sem hlýst af starfsþjálfun nemenda? Hingað til hefur auðna nánast ráðið hvernig þessum spurningum hefur verið svarað í verki á vinnustöðunum og ekkert fylgst með því að iðnnemar fái þá tilsögn sem þeir þurfa. Tilraunaverkefninu er ætlað að bæta úr þessu ástandi og varða veg til nýrra og betri vinnubragða að þessu leyti.

Hluti verkefnisins er ennfremur að vinna tillögur um inntak vinnustaðanáms, gerð ferilbókar, mat á kostnaði

við vinnustaðanám, kröfur um þjálfun tilsjónarmanna og annað sem að skipulagi og framkvæmd námsins lýtur. Með verkefninu vonast þeir, sem að því standa, til að það leiði til þess að tekið verði upp formfastara skipulag vinnustaðanáms víðar en í þeim sex fyrirtækjum sem þátt taka í því. Hér er um brautryðjendastarf að ræða og miklar vonir bundnar við að það leiði til úrbóta á framkvæmd vinnustaðanáms enda þörfin knýjandi fyrir alla aðila.

Pólýólverksmiðja á Íslandi?

Bandaríska fyrirtækið *International Polyol Chemicals Incorporated (IPCI)* var stofnað 1982 til markaðssetja tækni til pólýólframleiðslu úr sykri. Pólýól er samheiti yfir fjölkóhól t.d. etýlen glýkól (frostlög) og glýseról. Þessi efni eru notuð m.a. við framleiðslu á matvælum, snyrtivörum, lyfjum og plastefnum. Nú eru þessi efni unnin að mestu leyti úr jarðgasi. Með tækni IPCI er unnt að framleiða þessar vörur á umhverfisvænan hátt úr endurnýjanlegum auðlindum.

Árið 1994 var Ískem ehf. stofnað með þátttöku IPCI, Samtaka iðnaðarins, Iðntæknistofnunar, MIL (Markaðsskrifstofu iðnaðarráðuneytisins og Landsvirkjunar), Hitaveitu Suðurnesja og fleiri aðila. Markmiðið með stofnun félagsins var að leita að orkufrekum iðnaðarferlum. Eitt af þeim verkefnum, sem fljótlega kom sérstaklega til skoðunar, var að byggja pólýólverksmiðju á Íslandi sem nýtti jarðgufu við framleiðsluna.

Árið 1996 fengu IPCI og Industrial Development Corporation of South Africa (IDC) verkfræðifyrirtækið Fluor Daniel til að gera stofn- og rekstrarkostnaðaráætlun fyrir verksmiðju í Suður-Afríku annars vegar og í Bandaríkjunum hins vegar, sem framleitt gæti 100.000 tonn af pólýólum á ári.

MIL og Ískem létu laga áætlun Fluor Daniel að aðstæðum á Íslandi 1998 og jafnframt var arðsemi íslenskrar verksmiðju metin. Niðurstöður arðsemismats fyrir íslenska verksmiðju, urðu þær að arðsemi heildarfjármagns yrði 20% en eiginfjár yfir 30%.

Tilraunaverksmiðja í Suður - Afríku

Eftir nokkra endurskoðun stofnkostnaðar fyrir Suður - Afríku taldi IDC verkefnið nægilega arðbært og lét byggja tilraunaverksmiðju í samvinnu við IPCI og Transvaal Suiker Beperk (TSB), sykurframleiðanda þar í landi, til að prófa tæknina. Verksmiðjan var sett upp við hlið sykerverksmiðju TSB í Komati nálægt landamærunum við Mosambík. Tilraunaverksmiðjan var gangsett snemma árs 1999 en gekk illa af ýmsum ástæðum og voru niðurstöður ófullnægjandi. Rekstri hennar var hætt um mitt ár 1999.

Hluthafar í Ískem ehf. voru þó ekki á því að gefa verkefnið upp á bátinn og fengu nokkra nýja hluthafa til samstarfs um verkefnið og var Pólýólverksmiðjan ehf. stofnuð snemma árs 2001. Auk eigenda Ískem bættust nú við sem hluthafar VGK (Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns), verkfræðistofan Byggð, IPCI og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Pólýólverksmiðjan (Icelandic Green Polyols, IGP) samdi við IDC, TSB og



Í lok árs 2003 hófst bygging 10.000 tonna tilraunaverksmiðju í Changchun í Ilinhéraði í Kína. Byggingunni er að mestu lokið og nú er unnið að því að koma verksmiðjunni í gang.

IPCI um fjármögnun endurbóta á tilraunaverksmiðjunni og áframhaldandi rekstur hennar til að hægt væri að ljúka nauðsynlegum tilraunum. Tilraunaverksmiðjan var endurbætt árið 2001 og gangsett í október það ár. Eftir nokkra byrjunarörðugleika, einkum vegna afhendingar vetnis frá verktaka, gekk reksturinn vel og niðurstöðurnar framar vonum. Fluor Daniel gerði ráð fyrir að 74% af massa sykurs nýttist sem glýkól og glýseról. Rekstur tilraunaverksmiðjunnar gaf hins vegar allt að 84% nýtingu.

Endurskoðun kostnaðaráætlana

Markmið IGP er að reisa pólýólverksmiðju á Íslandi. Talið er heppilegast að gera slíkt í samstarfi við fyrirtæki sem gæti tekið að sér að annast sölu afurðanna á alþjóðlegum markaði. Til að undirbúa slíkt samstarf lét IGP endurskoða stofn- og rekstrarkostnaðaráætlanir og arðsemismat fyrir íslenska verksmiðju í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á verkefninu við rekstur tilraunaverksmiðjunnar. Unnið hefur verið að verkefninu síðan sumarið 2002 og er því nú lokið. Niðurstöður eru afar jákvæðar og mjög í samræmi við þær niðurstöður sem fengust í arðsemisathugun árið 1998. Þó að ýmsar forsendur hafi breyst og heimsmarkaðsverð á sykri hafi hækkað hefur verð glýkóla hækkað enn meira.

Staðsetning verksmiðju

Framan af miðuðust kostnaðaráætlanir IGP við að finna verksmiðju stað nálægt háhitasvæðinu á Reykjanesi og nota Helgúvík sem upp- og útskipunarhöfn.

Nýlega hefur verið lokið við gerð skýrslu um staðarval og arðsemi verksmiðju í nágrenni Húsavíkur með nýtingu jarðgufu frá Þeistareykjum í huga. Á það hefur verið benti að líklegt sé að gufan á Reykjanesi verði að stórum hluta nýtt til

rafmagnsframleiðslu fyrir stækkun álversins á Grundartanga. Þróun pólýóltækninnar hefur leitt í ljós minni gufubörf og lægri gufubrýsting en upphaflega var talið. Minni orkuþörf eykur arðsemi verksmiðjunnar en fjölgar um leið þeim stöðum þar sem setja mætti niður pólýólverksmiðju. Staðsetning í nágrenni Húsavíkur hefur verið skoðuð sérstaklega þar sem farið var yfir í áðurnefnd meginatriði. Niðurstöður sýna að staðsetning á og í nágrenni Húsavíkur getur verið góður kostur.

Tilraunaverksmiðja í Kína

Í lok árs 2003 hófst bygging 10.000 tonna tilraunverksmiðju í Changchun í Ilinhéraði í Kína. Byggingunni er að mestu lokið og er nú unnið að því að koma verksmiðjunni í gang. Verksmiðjan er 200 sinnum stærri en verksmiðjan í Suður- Afríku og er ætlað að sanna tæknina í stórum skala og undirbúa markað fyrir 100-200 þúsund tonna verksmiðju. Bygging verksmiðjunnar er nokkuð á eftir áætlun en horfur eru góðar um árangur. Eigendur pólýóltækninnar eignast 25% hlut í verksmiðjunni sem þóknun fyrir að leggja til tæknina en eru undanþegnir ábyrgð á því tapi sem ávallt verður á fyrstu misserum í rekstri tilraunverksmiðju. Umsamið er að þegar byggð verður stærri verksmiðja eignast eigendur tækninnar hlut í henni.

IPG vill reisa verksmiðju á Íslandi

Flest bendir til þess að bygging og rekstur pólýólverksmiðju hér á landi geti verið mjög vænlegur kostur. Fjárfestingin er vel innan við 10 milljarða og því á færri íslenskra fjárfesta að vera stórir aðilar að verkefninu. Rekstrarafkoma virðist mjög góð. Framleiðslan er umhverfisvæn og tæknilega á háu stigi. Öll tækniþekking er til í landinu til að hanna, byggja og reka verksmiðjuna.



Hugverkaréttindi

Gildi hugverka- og þekkingarverðmæta í upplýsinga- og líftækni var yfirskrift fundar sem Samtök iðnaðarins, Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja, Samtök íslenskra upplýsingatæknifyrirtækja og Samtök sprotafyrirtækja stóðu sameiginlega fyrir þann 19. nóvember. Á fundinum flutti Ove Granstrand prófessor við Chalmers háskólann í Gautaborg athyglisvert erindi um hugverkaréttindi. Hann kom hingað til lands í boði A&P Árnason - Intellectual Property Group í tilefni af aðild Íslands að Evrópsku einkaleyfastofnuninni EPO. Granstrand hefur stundað rannsóknir á sviði hagfræði-, tækni- og nýsköpunarstjórnunar. Hann hefur sérstaklega fengist við rannsóknir á þætti hugverka (Intellectual Property) og hugverkaúðs (Intellectual Capital) í þróun og skipulagi evrópskra-, japanskra- og bandarískra fyrirtækja og efnahag þessara landa í heild. Af erindi Granstrands má ráða að íslensk fyrirtæki verða í enn ríkari mæli en hingað til að marka sér vel grundaða stefnu varðandi vernd hugverkaréttinda sinna en hún verður æ mikilvægari þáttur í vexti og velgengni fyrirtækja.

CE - merking timbureiningahúsa

Hinn 1. maí sl. átti að taka gildi á Íslandi, sem og í öðrum löndum innan EES svæðisins, svonefnt Evrópskt tæknisamþykki um framleiðslu timbureiningahúsa. Tæknisamþykki, sem sett er fram með tilvísun í tilskipun EB um viðskipti með byggingavörur þýðir að framleiðsla á viðkomandi vöru, sem tæknisamþykkið nær til, verður að lágmarki að uppfylla kröfur þess. Að öðrum kosti má varan ekki vera á markaði. Tæknisamþykkið er einnig grunnur að CE - merkingu vörunnar. Vitað var með nokkrum fyrirvara að

hverju stefndi varðandi gildistöku tæknisamþykkisins um timbureiningarhúsin. Hins vegar var ljóst að ef gildistakan yrði látin standa yrðu engin timbureiningarhús á markaði lögleg. Þetta á ekki einungis við um íslenska framleiðslu heldur einnig framleiðslu frá öðrum löndum svæðisins.

Línur skýrast

Fyrir tilstuðlan Samtaka iðnaðarins ákvað umhverfisráðuneytið að fresta gildistöku tæknisamþykkisins um tvö ár. SI tóku síðan að sér að skilgreina

hvernig CE - merkingarferlið ætti að fara fram og samræma skilning og skoðanir þeirra aðila sem koma að ferlinu. Að því er nú unnið og línur nokkuð farnar að skýrast. SI gera hins vegar ráð fyrir því að í kjölfarið, fram til 1. maí 2006, verði þau fyrirtæki innan SI sem þess óska, aðstoðuð við að uppfylla kröfur tæknisamþykkisins bæði hvað varðar framleiðslueftirlitskerfi í verksmiðjum og gögn sem þarf að leggja fram svo að heimild til CE - merkingar fáiast.

Skrifstofa atvinnulífsins á Norðurlandi

Á starfssvæði Skrifstofu atvinnulífsins hafa breytingar á starfsumhverfi fyrirtækja verið mjög áberandi á síðustu árum. Verslunar- og iðnfyrirtæki og fyrirtæki í sjávarútvegi, sem áður voru að mestu í eigu heimamanna, eru nú mörg hver hluti stærri rekstrarheildar sem hefur höfuðstöðvar sínar annars staðar. Hefðbundnum iðnaðarstörfum hefur heldur fækkað en þjónustustörf komið í staðinn. Þessi breyting hefur trúlega að flestu leyti jákvæð áhrif á samfélagið en mörgum íbúum finnst sem þessar breytingar hafi veikt undirstöðu atvinnulífsins.

Enn og aftur er stóriðja á Norðurlandi til umræðu og það er vel ef hægt verður að auka og efla atvinnulífið á svæðinu með því að beisla frekar eitthvað af okkar dýrmætu orku. Það sést vel á uppbyggingunni á Austurlandi hversu gífurleg áhrif slíkar stórförum hafa á samfélagið. Í einni svipan eru þéttbýlisstaðir, sem lengi hafa staðið í stað, orðnir vettvangur einna stærstu framkvæmda Íslandssögunnar.

Vaxtarsamningur Eyjafjarðar

Skrifstofa atvinnulífsins á Norðurlandi á aðild að atvinnuáttaki sem ber heitið Vaxtarsamningur Eyjafjarðar. Að verkefninu koma, auk skrifstofunnar, iðnaðarráðuneytið, Iðntæknistofnun, Bygðastofnun, Akureyrarbær, Útflutningsráð Íslands, Akureyrarbær, KEA, stéttarfélagin á svæðinu og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar f.h. sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu.

Með þessu samstarfi er vonast til þess að stigin verði mikilvæg skref til markvissrar uppbyggingar atvinnu og nýsköpunar á Eyjafjarðarsvæðinu. Samningurinn gerir ráð fyrir að farnar verði nýjar leiðir við að efla atvinnulífið og stefnt að því að styrkja þá þætti þess sem vænlegastir eru til vaxtar. Leitað hefur verið í smiðju Finna og unnið er út frá hugmyndafræðinni um klasa sem eru skilgreindir sem landfræðileg þyrping tengdra fyrirtækja. Skilgreindir hafa verið fjórir klasar sem verða, a.m.k. fyrst um sinn, þungamiðja samningsins en þeir eru Matvælaklasi, Ferðaþjónustuklasi, Mennta- og rannsóknaklasi og Heilbrigðisklasi.

Bundnar eru vonir við að þessi nýstárlega aðferð við að efla atvinnulífið skili góðum árangri.

Skóli@iðnaður

Verkefnið Skóli@iðnaður, sem fór af stað sem tilraunaverkefni í einum skóla á Akureyri vetur, skilaði góðum árangri. Verkefnið hefur að markmiði að tengja saman atvinnulíf og skóla og kynna elstu nemendum grunnskólans hvaða störf standa til boða í íslenskum iðnaði.

Unnið var að endurbótum á verkefninu sl. sumar eftir ábendingum kennara og fulltrúa þeirra fyrirtækja sem fóru af stað með verkefnið sem tilraun. Í vetur verður verkefnið



kynnt í fleiri skólum og fyrirtækjum og vonast er til þess að víða verði unnið með það veturinn 2005 - 2006.

Málþing um tæknigarða

Skrifstofa atvinnulífsins, Háskólinn á Akureyri og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar stóðu fyrir málþingi um tæknigarða sl. haust í tilefni þess að nýtt rannsóknahús HA var tekið í notkun. Fyrirlesarar voru, auk rektors HA og framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélagsins, rektor háskólans í OULU í Finnlandi og Geir A. Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Sæplasts. Á ráðstefnunni, sem var vel sótt, var reynt að svara þeirri spurningu hvernig auðveldast og best væri að tengja saman þær rannsóknir sem stundaðar eru í háskólum og atvinnulífið.

Samgöngumál

Fátt skiptir atvinnulífið á landsbyggðinni jafnmiklu máli og góðar samgöngur. Nánast öll framleiðslufyrirtæki landsbyggðarinnar selja stærstan hluta framleiðslu sinnar á stærsta markaðssvæði landsins, höfuðborgarsvæðinu. Sú ákvörðun Eimskips að hætta strandsiglingum olli framleiðendum eðlilega nokkrum kvíða. Þó að mikill hluti innanlandsflutninga hafi verið kominn á vegina, skiptu skipaflutningar sum þessara fyrirtækja miklu máli. Áhyggjur forráðamanna fyrirtækjanna eru þó ekki hvað síst tengdar því að samkeppni í flutningum minnkar en það hefur áhrif á flutningskostnað þegar til lengri tíma er litið. Því er nauðsynlegt að fylgjast vel með þróun þessara mála og áhrifum breytinganna á framleiðslufyrirtækin.

Landnám í Lettlandi

Stjórn Samtaka iðnaðarins var á ferð í Lettlandi fyrri hluta árs. Tilgangur fararinnar var að kynnast lettnesku atvinnu- og efnahagslífi, landnámi íslenskra fyrirtækja og væntingum Letta til aðildar að Evrópusambandinu.

Jón Baldvin Hannibalsson, sendiherra, var með í för og gaf það ferðinni mjög aukid gildi. Greinilegt er að Lettum er í fersku minni þáttur Jóns Baldvins og Íslands í forgöngu um að sjálfstæði Eyrstrasaltsríkjanna var viðurkennt.

Samkeppnisforskot

Í Lettlandi búa 2,3 milljónir manna og stærstur hluti þeirra býr í höfuðborginni Riga eða næsta nágrenni. Hagvöxtur hefur verið umtalsverður undanfarin ár, eða 6 - 7% en verðbólga lítil, 2 - 2,5%. Atvinnuleysi er hins vegar talsvert eða 12-14%. Erlend fjárfesting er mikil í landinu og er þá ekki síst sóst eftir því samkeppnisforskoti sem Lettland býður og felst í menntuðu vinnuaflí, lágum launum og þar með lágum framleiðslukostnaði miðað við það sem almennt gerist í Vestur-Evrópu. Smátt og smátt mun draga úr þessu forskoti en viðmælendur voru ekki sammála um hve langur tími líður þar til launa- og kostnaðarstig verður orðið svipað og að meðaltali innan ESB. Þeir bjartsýnustu töldu það taka 3 - 5 ár en þeir svartsýnustu töldu það taka allt að 30 árum.

Stjórnin heimsótti marga staði og átti samtöl og fundi við fjölda manna. Þar má nefna lettneska verslunarráðið og lettneska vinnuveitendasambandið. Heimsótt voru fyrirtæki úr mismunandi greinum atvinnulífsins, þ.á.m. stærsti bjórframleiðandi Lettlands, Aldaris, eitt af stærri upplýsingatæknifyrirtækjum landsins, DATI, og loks verslunarkeðjan Rimi.

Byggt frá grunni

Maris Gailis, fyrrverandi forsætisráðherra Lettlands, sat kvöldverðarboð með stjórninni. Þar flutti hann erindi um þróunina í Lettlandi. Gailis gegndi embætti frá 15. september 1994 - 21. desember 1995. Alls hafa 11 ríkisstjórnir setið frá því að sú fyrsta tók við völdum 7. maí 1990 og níu menn gegnt embætti forsætisráðherra. Meðal þess, sem Gailis vakti athygli á var að nú er í rauninni búið að byggja upp nýtt þjóðríki frá grunni. Þegar Lettar öðluðust sjálfstæði og tóku málin í eigin hendur höfðu þeir ekkert til þess að byggja á. Ráðuneyti, stjórnslu og stofnanir varð reisa frá grunni. Gailis sagði að þetta hefðu verið erfiðir en spennandi tímar, mörg mistök verið gerð en nú væri að komast á stöðugleiki og festa í stjórnkerfið. Lettar væru búnir að ná tökum á því að reka sjálfir eigið sjálfstætt ríki. Þá færu enn spennandi uppbyggingartímar í hönd með aðild þeirra að ESB.



Íslensk fyrirtæki

Heimsótt voru nokkur fyrirtæki sem eru að meira eða minni leyti í eigu Íslendinga. Meðal þeirra má nefna Unifleks sem er í eigu Plastprents hf. og framleiðir og prentar á plastpoka líkt og Plastprent hér heima. Fabrika 66North Baltic eða Sjóklæðagerðin hf. - 66°Norður er myndarlegt fyrirtæki í bænum Saldus. Í verksmiðjunni eru saumuð útvistarföt og sjóklæði sem seld eru á íslenskum markaði en í sívaxandi mæli á erlendum mörkuðum. Gutta er drykkjarvöruframleiðandi í Ramava sem er nánast úthverfi frá Riga. Stærsti hluti framleiðslunnar er ávaxtasafi af ýmsum gerðum og vatn auk gosdrykkja. Þá má ekki gleyma maltöli þeirra heimamanna sem kallast Kvass og er vinsæll drykkur. BYKO-LAT ltd. er trjávöruframleiðandi með verksmiðju í héraðinu Valmiera og söluskrifstofu í Riga. BYKO-LAT er í eigu íslenska fyrirtækisins Norvíkur hf. sem á meðal annars BYKO og ELKO hér heima á Fróni.



Hönnunarkeppni

Á vordögum stóðu Morgunblaðið, Samtök iðnaðarins, Félag bókagerðarmanna og Prenttæknistofnun fyrir hönnunarkeppni meðal nema í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum og listgreinum, í samvinnu við Listahátíð í Reykjavík.

Alls barst 31 tillaga í keppnina og gaf Morgunblaðið út 12 þær bestu í sérstöku kynningarblaði. Verðlaunahafar hlutu jafnframt góða gripi en Samtök iðnaðarins og FBM gáfu gullverðlaunahafanum m.a. fartölvu af fullkomnustu gerð.

Pörf iðnaðarins fyrir menntun

Samtök iðnaðarins gengust fyrir viðamikilli könnun á þörfum iðnaðarins fyrir menntun starfsfólks á næstu árum. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar á Menntadegi iðnaðarins í ársbyrjun 2004. Meðal annars kom fram að fyrirtæki SI telja sig þurfa að ráða umtalsvert fleiri iðnaðarmenn, verk- og tæknifræðinga en skólakerfið skilar um þessar mundir.

Á næstu þremur árum þurfa iðnfyrirtæki að bæta við um 770 nýjum starfsmönnum með raungreina-, tækni- og verkfræðimenntun og um 2250 starfsmönnum með iðn- og starfsmenntun.

Forsvarsmenn leggja áherslu á endur- og símenntun starfsfólks. Rúmlega 80% forstjórar og framkvæmdastjórar


SI telja fyrirtæki sín hafa þörf fyrir endur- og símenntun.

Um þriðjungur fyrirtækjanna segir að einn eða fleiri ófaglærðir vinni tæknistörf. Þetta gefur vísbendingu um að ráðlegt sé að byggja upp þekkingu og færni hjá ófaglærðum með skipulegum hætti.


Kynning á iðnaði í skólum landsins er mikilvæg. Um 87% fyrirtækja SI eru sammála því að mikilvægt sé að iðnfyrirtæki kynni starfsemi sína í grunn- og framhaldsskólum.

Þetta er fyrsta könnun SI um menntamál í samstarfi við óháðan aðila, IMG Gallup. Hún er notadrjúg í stefnumörkun og aðgerðum Samtakanna á sviði menntamála.

Er þörf fyrir starfsmann með raungreina-, tækni- eða verkfræðimenntun í viðbót eftir u.þ.b þrjú ár?



Er þörf fyrir starfsmann með iðn- eða starfsmenntun eftir u.þ.b þrjú ár?



Stjórnarkjör

Iðnþing 2004 var haldið föstudaginn 12. mars. Vilmundur Jósefsson, framkvæmdastjóri Gæðafæðis ehf., var endurkjörinn formaður. Meðstjórnendur til tveggja ára voru kosin þau Halla Bogadóttir, Höllu Boga, Hreinn Jakobsson, Skýrr hf. og Þorsteinn Víglundsson, BM Vallá ehf. Fyrir í stjórninni voru þeir Hörður Arnarson, Marel hf., Eiður Haraldsson, Háfelli ehf., Guðlaugur Adólfsson, Fagtaki ehf. og Sigurður Bragi Guðmundsson, Plastprenti hf.

Þær breytingar urðu á stjórninni að Baldur Guðnason hvarf úr stjórn en Þorsteinn Víglundsson tók þar sæti í fyrsta sinn.

Þau sex, sem voru næst því að hljóta kosningu í stjórn, settust í ráðgjafaráð SI.

Þau voru: Aðalheiður Héðinsdóttir, Kaffitári ehf., Baldur Guðnason, Mjöll-Frigg hf., Bergsteinn Einarsson, Seti hf., Birgir Snorrason, Brauðgerð Kr. Jónsson & Co, Helgi Jóhannesson, Norðurmjólk ehf., Páll Freysteinnsson, Hug hf.

Betri líðan - Bættur hagur

Lokið er tilraunaverkefni á vegum SI, Samiðnaðar og Vinnueftirlits ríkisins sem gengið hefur undir heitinu BB-verkefnið, Betri líðan - Bættur hagur. Verkefnið fólst í því að þýða, yfirfæra og koma á finnskri vinnuáðferð til að bæta og auka vinnuverndarstarf á vinnustöðum í málm- og byggingariðnaði. Um er að ræða tvö kerfi: TR-mælinn fyrir byggingariðnað og ELMERI fyrir málmíðnað.

Reynslan af kerfum þessum eða aðferðum í þeim sjö fyrirtækjum, sem hafa tekið þátt í tilraunaverkefninu, er alla jafna ágæt og nú er unnið að því að ofangreindir þrír aðilar geti boðið öllum fyrirtækjum í málm- og byggingariðnaði að taka þau í notkun.

Í því felst að kenna tilteknum starfsmönnum fyrirtækja (skoðunar- mönnum) sem hyggjast nýta þessar aðferðir að mæla ástand umgengni á fyrirfram afmörkuðum svæðum, skrá upplýsingarnar og setja upp þannig að allir sjái hver þróunin er á vinnustaðnum hvað þetta varðar. Síðan er stefnt að því að safna upplýsingum um skor á



hverju svæði í eina upplýsingamiðstöð þar sem menn geta borið sig saman við aðra sem nýta sömu aðferðafræði.

Tilraunaverkefnið hefur sannfært þá, sem standa að þessu verki, að með því hafi verið opnuð ný leið fyrir fyrirtæki í umræddum greinum til að taka skipulega á umgengni og auka þannig öryggi starfsmanna. Um leið er lagður grunnur að betra skipulagi á vinnustöðunum sem er forsenda þess að unnt sé að auka framleiðni og bæta samkeppnisstöðuna.

Ráðgjafaráð SI

Ráðgjafaráð er stjórn Samtaka iðnaðarins til ráðuneytis við mikilvægar ákvarðanir og stefnumótun. Í ráðgjafaráði sitja þeir sex sem voru næst því að ná kjöri í stjórn Samtakanna, fulltrúar tilnefndir af starfsgreinahópum og fulltrúar Samtakanna í stjórn SA. Eftir Iðnþing 2004 er ráðgjafaráðið þannig skipað:

Fulltrúar kosnir á Iðnþingi:

Aðalheiður Héðinsdóttir, Kaffitár ehf.

Baldur Guðnason, Mjöll-Frigg hf.

Bergsteinn Einarsson, Set hf.

Birgir Snorrason, Brauðgerð Kr. Jónsson & Co

Helgi Jóhannesson, Norðurmjólk ehf.

Páll Freysteinsson, Hugur hf.

Mannvirkjagerð:

Andrés Sigurðsson, Loftorka Reykjavík ehf.

Friðrik Andrésón, Múrarameistarafélag Reykjavíkur

Haraldur Sumarliðason, byggingameistari

Hermann Óli Finnsson, Málarameistarafélag Reykjavíkur

Loftur Árnason, Ístak hf.

Sigurður R. Helgason, Björgun ehf.

Stefán Friðfinnsson, Íslenskir aðalverktakar hf.

Stefán Jónsson, Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi

Porkell Gunnarsson, Félag skrudgarðyrkjumeistara

Matvæla-, fóður- og drykkjarvöruiðnaður:

Guðlaugur Björgvinsson, Mjólkursamsalan

Jakobína Sigurðardóttir, Móna ehf., sælgætisgerð

Magnús Ólafsson, Osta- og smjörösalan sf.

Málmiðnaður:

Brynjar Haraldsson, Frostverk ehf.

Guðmundur Tulinius, Slipstöðin ehf.

Sigurður Guðni Sigurðsson, Þorgeir og Ellert hf.

Pröstur Hafsteinsson, Þ.H. blikk hf.

Prent- og pappíríðnaður:

Kristþór Gunnarsson, Ísafoldarprentsmiðja ehf.

Sveinbjörn Hjálmarsson, Umslag ehf.

Sverrir Brynjólfsson, Svansprent ehf.

Þorgeir Baldursson, Prentsmiðjan Oddi hf.

Þórleifur V. Friðriksson, Hjá Guðjón Ó ehf.

Örn Jóhannsson, Morgunblaðið Árvakur hf.

Húsgagna- og húshlutaiðnaður:

Anton Bjarnason, Glerborg ehf.

Guðmundur Ásgeirsson, Á. Guðmundsson ehf.

Stóriðja:

Gylfi Þórðarson, Sementsverksmiðjan hf.

Helgi Þórhallsson, Íslenska járnblendifélagið hf.

Kristján Björn Garðarsson, Kísilliðjan hf.

Rannveig Rist, Íslenska álfélagið hf.

Raf-, rafeinda- og hugbúnaðariðnaður:

Hermann Kristjánsson, Vaki - DNG hf.

Ingvar Kristinsson, Landsteinar Ísland hf.

Gúmmí-, plast, efna-, fata- og leðuriðnaður:

Hafrún Friðriksdóttir, Omega Farma ehf.

Helgi Magnússon, Harpa hf.

Magni Örvar Guðmundsson, Netagerð Vestfjarða hf.

Þjónustuiðnaður:

Leifur Jónsson, Skartís ehf.

Viðbrögð iðnaðarins við offituvandanum

Mikil umræða hefur átt sér stað, undanfarna mánuði, um vaxandi tíðni offitu í heiminum. Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þessari umræðu fremur en aðrar þjóðir. Einkum hafa menn áhyggjur af vaxandi tíðni ofþyngdar og offitu meðal barna og unglunga. Sú umræða hefur tekið á sig ýmsar myndir hér á landi. M.a. kom upp sú hugmynd hjá Lýðheilsustöð að afla sér tekna með því að leggja sérstakan nýjan skatt á sykurlög og sykraudar vörur og alveg sérstaklega á gosdrykki og freista þess um leið að þvinga neytendur til að draga úr sykurneytslu.

Samtök iðnaðarins mótmæltu

þessum hugmyndum harðlega. Á hinn bóginn hafa Samtökin ítrekað lýst yfir vilja til samstarfs við Lýðheilsustöð um aðgerðir til að hvetja til hollra lífshátta og berjast gegn offitu.

Matvælaframleiðendur í Samtökum



iðnaðarins hafa brugðist við offituvandannum með því að móta sér stefnu um heilnæmi matvæla og holla lífshætti starfsmanna og viðskiptavina. Stefna fyrirtækjanna felur í sér að þau muni, við þróun nýrra vara, taka mið af þörfum einstaklinga í nútímaþjónðfélagi og hafa að leiðarljósi opinberar ráðleggingar um næringu og hreyfingu. Lögð verður áhersla á að eiga gott og uppbyggjandi samstarf við aðra, sem sinna þessum málaflokkum, þ.á.m. yfirvöld á sviði lýðheilsu, skólamála og íþróttar. Þannig vilja fyrirtækin á ábyrgan hátt leggja sitt af mörkum til að takast á við offituvandanann.



Stjórnarfundir

Stjórn Samtaka iðnaðarins kom saman fjórtán sinnum árið 2004. Fjölmörg mál voru á dagskrá hvers fundar enda í mörg horn að líta hjá stórum samtökum eins og Samtökum iðnaðarins. Stjórnin heimsótti félagsmenn á Suðurnesjum hinn 26. október. Þau voru Kaffitár ehf., Ofnasmiðja Suðurnesja ehf., Hjalti Guðmundsson ehf., Bláa lónið heilsuvörur ehf. og Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. Auk þessa voru heimsótt Hótel Keflavík, Fjölbrautaskóli Suðurnesja og hlýtt á bæjarstjóra Reykjanesbæjar sem fjallaði um atvinnumál og þýðingu uppbyggingar í Helgúvík. Heimsóknin tókst í alla staði vel en stjórn Samtaka iðnaðarins leggur áherslu á að halda sem bestu sambandi við félagsmenn sína um allt land og í sem flestum greinum. Þannig getur hún best gætt hagsmuna iðnaðarins í heild.

Skattlagning matvæla

Hátt matvælaaverð á Íslandi, var eins og oft áður, talsvert til umræðu á árinu. Samtök iðnaðarins hafa alla tíð lagt á það megináherslu að samræma og einfalda skattheimtu matvæla með því að öll matvara verði í sama þrepi virðisaukaskattsins og að felld niður öll vörugjöld. Það sé forsenda þess að ræða um lækkun lægra þreps virðisaukaskattsins sem nú er 14%.

Stjórnvöld hafa sýnt þessu sjónarmiði takmarkaðan skilning hingað til. Vonandi verður breyting þar á en viðtæk samstaða hefur náðst í atvinnulífínu um þessa leið. Það má meðal annars merkja á því að fimm stór samtök sameinuðust um að birta heilsíðuauglýsingu í Morgunblaðinu með áskorun til ríkisstjórnarinnar um að fara þessa leið. Að áskoruninni stóðu, auk Samtaka iðnaðarins, SVP-Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar, Félag íslenskra stórkaupmanna og Samtök atvinnulífsins. Þetta eru samtök þeirra sem framleiða, flytja inn, dreifa og selja matvæli.

Lýðheilsustöð varpaði fram hugmynd um um að tiltekin matvæli yrðu skattlögð til að standa undir starfsemi sinni.



Þetta eru gamalkunnar hugmyndir sem skjóta upp kollinum annað slagið en Samtök iðnaðarins hafa ávallt brugðist hart við slíkri forsjárhyggju og misheppnuðum tilraunum til neyslustýringar. Sú var einnig raunin í þetta sinn og er ekki annað vitað en þessar hugmyndir hafi verið lagðar á hilluna.

Menntadagur iðnaðarins

Samtök iðnaðarins héldu Menntadag iðnaðarins snemma í janúar undir heitinu „Menntun eykur verðmætasköpun.“ Þar voru m.a. kynntar niðurstöður könnunar IMG Gallup á þörf fyrirtækja SI fyrir menntun.

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, ávarpaði málþingið og ræddi mikilvægi menntunar fyrir atvinnulífið. Ráðherra hrósaði Samtökum iðnaðarins fyrir upplýsingavefinn www.idan.is sem m.a. er ætlað að upplýsa ungt fólk um möguleika til náms og starfa. Hún greindi frá tilraun um vinnustaðakennslu sem hófst á árinu og væntanlegar breytingar sem verða á henni á næstu árum.

Í erindi sínu, Menntun og hagsæld, nefndi Þorvaldur Gylfason, prófessor, að hagvöxtur og menntun héldust í hendur með sama hætti og hagvöxtur og fjárfesting. Fjármunir, sem varið væri til menntunar, væru því

ómótmælanlega fjárfesting til framtíðar.

Hilmar Janusson, þróunarstjóri Össurar hf., taldi óraunhæft að menntakerfið gæti á næstu þremur árum brugðist við óskum fyrirtækja um fjölgun ið- og tæknimenntaðra í samræmi við niðurstöður könnunar IMG Gallup. Eftirspurn eftir verk- og tæknimenntun hefði vaxið hratt. á rannsóknarámi í fyrirtækjum.

Erindi Sigurðar Guðna Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Skagans hf., var með nýstárlegum hætti. Hann sýndi myndband af starfsemi fyrirtækisins en það framleiðir háþrúð tæki til matvælaframleiðslu. Fyrirtækið væri sambland af hefðbundnu járníðnaðarfyrirtæki, plastfyrirtæki, hönnunardeild og markaðsdeild og væri suðupottur fjölbreyttrar reynslu iðnaðarmanna, verkfræðinga, tækniteknara og fleiri.

Tískuteymi vöktu eftirtekt



Fagfélög í þjónustuiðnaði fylgdu kröftugu markaðsstarfi fyrra árs eftir með samvinnuverkefni við Tímarit Morgunblaðsins sem vakti verulega athygli. Sett voru saman sjö tískuteymi, með fagmann af hverju sviði innanborðs, og sjö þjóðþekktir einstaklingar fengnir til að ljá áttakinu lið. Tískuteymin saumuðu föt á hvern þeirra og léðu þeim skartgripi, úr, klipptu þá, greiddu og förðuðu. Meðal þátttakenda var Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar hf. Hann hældi íslenskri fagmennsku á hvert reipi í viðtali við Morgunblaðið og sagði að það kæmi sér skemmtilega á óvart hversu vel t.d. klæðskurður stæðist alþjóðlegan samanburð. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, sem prýddi forsíðu tímaritsins, lauk líka lofsorði á þá fagmennsku sem hún hafði kynnst í áttakinu og fagnaði tækifæri til að kynna störfum og áherslumálum iðnmenntaðra stétta. Alls tóku ríflega fimmtíu fagmenn þátt í áttakinu og er áhugi á því að þróa tískuteymin áfram, bæði í beinni markaðssetningu til klúbba og félagsamtaka af ýmsu tagi og með samstarfi við tímarit og sjónvarpsstöðvar.



Nýtt ferli byggingarleyfa hjá Reykjavíkurborg

Síðastliðið vor tóku gildi hjá byggingarfulltrúa nýjar reglur um umsókn um byggingarleyfi og veitingu þess. Starfs hópur, sem Reykjavíkurborg setti á laggirnar á síðasta ári, samdi reglurnar en eins og áður hefur komið fram áttu SI fulltrúa í nefndinni.

Meginbreytingin er fólgin í því að nú eru gerðar kröfur um að með umsókn um byggingarleyfi séu lagðir fram gátlistar sem sýna að hönnuðir hafi kynnt sér þau ákvæði í byggingarreglugerð sem hafa áhrif á viðkomandi byggingu og eru forsenda byggingarleyfis. Meginmarkmið starfshópsins var að stytta

tíma og einfalda ferlið við umsókn um byggingarleyfi og veitingu þess. Niðurstaða hópsins varð sú að illa unnin hönnunargögn væru m.a. ástæða þess að langan tíma tæki að fá byggingarleyfi og því var tekin ákvörðun um að krefjast fyrrnefndra gátlista.

Fleiri atriðum varðandi ferli við veitingu byggingarleyfa var einnig breytt en þau verða ekki rakin hér. Hins vegar var ákveðið að framfylgja verði ákvæðum gildandi laga um að ekki megja hefja framkvæmdir fyrr en búið er að gefa út skriflegt byggingarleyfi.

Enn fleiri bókatitlar

Niðurstöður könnunar Bókasambands Íslands um prentstað íslenskra bóka, sem birtust í Bókatíðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2004, sýna m.a. að bókatitlum hefur fjölgað um rúman fimmtung frá því í fyrra. Heildarfjöldi þeirra er 651 í ár sem er rúmlega 20% fleiri en í fyrra en þá voru gefnir út 539 titlar.

Könnunin sýnir jafnframt að hlutfall prentunar innanlands hefur enn dregist saman milli ára um 3,4% þótt nú séu prentaðir fleiri titlar hér á landi en í fyrra. Þetta er nokkurt áhyggjuefni en þó ber að hafa í huga metnaðarfullstu verkin eru prentuð hér á landi, eins og fram kemur í grein á vefsetri SI um prentun þeirra bóka sem tilnefndar voru til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Fræðslumiðstöðvar í iðnaði

Fræðslumiðstöðvar í iðnaði, þ.e. Menntafélag byggingariðnaðarins, Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins, Prenttæknistofnun og Fræðsluráð hótél- og matvælagreina, hafa um árabíl sinnt endurmenntun faglærðra í iðnaði, sérstaklega fagmenntun. Með árunum hefur orðið ljósari þörfin fyrir öflugra þverfaglega endurmenntun, m.a. á sviði stjórnunar og rekstrar sem og menntun ófaglærðra. Aukið samstarf fræðslumiðstöðvanna hefur leitt til öflugra starfs og betri nýtingar starfsfólks og fjármuna.

Samtök iðnaðarins vilja að samstarf þeirra fræðslumiðstöðva, sem þau eiga aðild að, verði enn öflugra. Aukið samstarf felur ekki aðeins í sér hagræðingu heldur einnig aukin sóknarfæri á æ umsvifameiri endurmenntunarmarkaði. Þar endurspeglast þarfir fyrirtækja sem þurfa að bregðast við auknum kröfum um gæði og framleiðni.

Félagsmenn Samtaka iðnaðarins

Í upphafi árs voru félagsmenn samtals 1.128 og í lok þess voru þeir 1.167 og hafði því fjölgað um 39 á árinu.

Tvenn ný samtök voru stofnuð innan vébanda Samtaka iðnaðarins á árinu. Það eru Samtök íslenskra líftækniyfyrir-tækja og Samtök sprotafyrirtækja.

Stjórn Samtaka iðnaðarins veitti 23 fyrirtækjum beina aðild á liðnu ári og eru þau eftirfarandi:

ISS Ísland ehf.
Héraðsverk ehf.
Rannsóknarþjónustan Sýni ehf.
Prokaria ehf.
Byggingafélagið Viðar ehf.
ORF Líftækni hf.
Askil hf
Stafna á milli ehf.
Reykjalundur-plastiðnaður ehf.
Fjölrítunar- og útgáfuþjónustan
Trackwell software hf. (Stefja)
Hurðarþjónustan ÁS ehf.
Eðalfiskur ehf.
Móðir náttúra ehf.
Bláa lónið heilsuvörur ehf.
Nýtt hús ehf.
Kerföðrun ehf.
Klafi ehf.

Fang ehf.

UVS Urður Verðandi Skuld ehf.

Glófi ehf.

Víkurfrettir ehf.

SagaMedica-Heilsujurtir ehf.

Þá hafa margir félagar bæst í hópinn hjá aðildarfélagum SI sem eru 26 talsins. Rétt er að benda á að félagatal Samtaka iðnaðarins er að finna í heild sinni á vefsetri þeirra.

Evrópusamruni og smáríki

Alþjóðamálastofnun Háskólans og Samtök iðnaðarins efndu þann 20. október til málstofu í Norræna húsinu um „Áhrif Evrópusamrunans á smærri ríki Evrópu.“ Málstofan var haldin í tilefni af útgáfu skýrslu Richard T. Griffiths, prófessors við Háskólann í Leiden í Hollandi og Guðmundar K. Magnússonar, prófessors við Háskóla Íslands. Skýrslan nefnist „Small States and European Economic Integration - Comparative Studies.“ Í henni er fjallað um áhrif EES og ESB aðildar á smærri ríki Evrópu. Smáríkjasetur Alþjóðastofnunar Háskóla Íslands gaf skýrsluna nýlega út en hún var tekin saman að frumkvæði SI. Ágúst Einarsson, prófessor flutti inngangserindi sem hann nefndi „Staða smáríkja í breyttum heimi.“ Í panelumræðum greindi Guðmundur Magnússon, prófessor frá helstu niðurstöðum skýrslunnar.

The screenshot shows the website 'Samtök iðnaðarins - Íslenskur iðnaður' in Microsoft Internet Explorer. The page features a navigation bar with tabs for 'Húsið', 'Félagsmenn', 'Stofnanir', 'Málaflokkar', and 'Upplýsingar og útgáfa'. Below the navigation, there are several news articles and a sidebar with 'MÁLAFLOKKAR SI'.

The screenshot shows the website 'ÍÐNAÐARINN' in Microsoft Internet Explorer. The page features a navigation bar with tabs for 'Húsið', 'Félagsmenn', 'Stofnanir', 'Málaflokkar', and 'Upplýsingar og útgáfa'. Below the navigation, there are several news articles and a sidebar with 'MÁLAFLOKKAR SI'.

Vefsetur Samtaka iðnaðarins er öflugur upplýsingamiðill, fullur af upplýsingum, fróðleik og fréttum af íslenskum iðnaði. Félagsmenn eru sérstaklega hvattir til þess að kynna sér og nota vefsetrið. Það ætti að vera upphafssíða hjá sérhverjum sem starfar í iðnaði eða hefur áhuga á mállefnum hans.

Vefsetrið www.idan.is er ætlað ungu fólki sem vill fræðast um íslenskan iðnað. Félag nám- og starfsráðgjafa annast þann þátt er lýtur að námi og störfum samkvæmt samningi við Samtök iðnaðarins.

Flutningsjöfnun felld niður

Alþingi ákvað í vor að fella niður lög um jöfnun flutningskostnaðar sements frá og með 1. júní 2004 en lögin voru að stofni til frá árinu 1973. Þar með er lagt niður gamalt og úrelt kerfi sem var barn síns tíma en hafði löngu gengið sér til húðar. Samtök iðnaðarins hvöttu til þess að kerfið yrði aflagt og áttu fulltrúa í nefnd sem iðnaðarráðuneytið skipaði til þess að fara yfir málið.

Nefndin var einróma í því álitni að leggja til að kerfið yrði lagt af og féllst Alþingi á sjónarmið hennar. Í álitni nefndarinnar segir m.a.: „Það er ekki hlutverk ríkisins að jafna samkeppnis- aðstöðu seljenda sements með því að gera óvirkan mikilvægan þátt í samkeppninni, þ.e. hagkvæmni flutninga. Líklegt er að slíkt inngríp geti haft þveröfug áhrif. Telur nefndin sig hafa

séð merki um slíkt í skoðun sinni á því kerfi sem er við lýði um jöfnun flutningskostnaðar sements. ... Það er í hæsta máta óeðlileg mismunun milli byggingarefna og byggingaraðferða að taka sement sérstaklega og jafna kostnað við flutning þess. Til þess eru ekki haldbær rök. ... Flutningsjöfnun sements er mjög sértæk aðgerð sem hefur margvísleg óæskileg áhrif. Vilji ríkisvaldið hafa áhrif á byggingarkostnað eða flutningskostnað landsmanna á að beita til þess almennum aðgerðum sem hafa í för með sér sem minnstar hliðarverkanir eða röskun á markaðsaðstæðum.“

Starfsmannamál

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins eru alls 22 þar af einn með aðsetur á Akureyri.

Þorsteinn Þorgeirsson, hagfræðingur, sem hóf störf árið 2001, lét af störfum í árslok og tók við starfi skrifstofustjóra efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Honum eru þökkuð vel unnin störf.

Valdís Axfjörð hóf störf í janúar og sinnir afgreiðslu og símvörslu.

Bryndís Skúladóttir, efnaverkfræðingur, hóf störf í september. Helstu verkefni hennar eru á sviði umhverfis- og orkumála auk líftækni.

Samræmd starfsleyfis-skilyrði

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga eða Umhverfisstofnun gefa út starfsleyfi til rekstraraðila fyrirtækja. Í því felst leyfi

fyrir tiltekinni starfsemi að uppfylltum skilyrðum sem koma fram í starfsleyfi. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga starfar í

umboði heilbrigðisnefnda og sinnir útgáfu starfsleyfa og eftirliti með atvinnurekstri. Landinu er skipt í 10 eftirlitssvæði. Umhverfisstofnun er ætlað að samræma vinnu á landsvísu, án þess þó að hafa beint boðvald yfir Heilbrigðiseftirliti.

Starfsleyfi eru gefin út fyrir hvert fyrirtæki sérstaklega en þótt hefur skorta leiðbeiningar og samræmingu við gerð þeirra. Nú fer fram vinna við að skrifa samræmd starfsleyfis-skilyrði á grunni mengunarvarnarlöggjafar. Í vinnuhópi sitja fulltrúar Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits og Samtaka iðnaðarins. Óskað er eftir athugasemdum við drögin frá rekstraraðilum í viðkomandi grein. Markmiðið með samræmdum starfsleyfis-skilyrðum er að stuðla að jöfnum kröfum til samþærilegs rekstur hvar sem er á landinu.



Starfsmenn Samtaka iðnaðarins



**Sveinn
Hannesson**
framkvæmdastjóri
Yfirstjórn
Fjármál
Félagatengsl



**Jón Steindór
Valdimarsson**
Aðstoðarfram-
kvæmdastjóri
Starfsskilyrði
Alþjóðamál
Lyfja- og
líftækniyfirtæki



Árni Jóhannsson
Mannvirki
Verktakar
Opinber innkaup
Útboðsmál
Samgöngur



Ásgeir Magnússon
Skrifstofa
atvinnulífsins á
Akureyri



**Bjarni Már
Gylfason**
Hagtölur
Efnahagsmál
Starfsskilyrði
Stóriðja



**Bryndís
Skúladóttir**
Orku- og
umhverfismál
Líftækni- og
Efnaiðnaður



**Brynjar
Ragnarsson**
Markaðsmál
Kynningarmál
Ráðstefnur og
sýningar



**Dagmar E.
Sigurðardóttir**
Bókari
Álagning félagsgjalda
Innheimta



**Davíð
Lúðvíksson**
Nýsköpun
Framleiðslutækni
Staðlar
Heilbrigðistækni
Samtök
sprotafyrirtækja



**Eyjólfur
Bjarnason**
Byggingariðnaður
Mannvirki
Meistarafélag
Útboðsmál



Ferdinand Hansen
Plastiðnaður
Landssamband
veiðarfæragerða
Gæðakerfi
Gæðamál SI



**Guðmundur
Ásmundsson**
Samtök fyrirtækja í
upplýsingatækni
Upplýsingasamfélagið



**Haraldur D.
Nelson**
Prentiðnaður
Upplýsinga- og
tölvumál
Fjölmíðlatengsl



**Ingi Bogi
Bogason**
Menntamál
Starfspróun



**Ingólfur
Sverrisson**
Málmiðnaður
Félag
blikksmiðjueigenda
Málmur



**Krístrún
Heimisdóttir**
Þjónustuiðnaður
Lögfræðiráðgjöf
Samkeppnismál
Fyrirtækjalöggjöf



**María
Halbjörnsdóttir**
Gjaldkeri
Félagatal
Aðstoð við
aðildarfélög SI



**Ragnheiður
Héðinsdóttir**
Matvæla- og
fóðuriðnaður
Landssamband
bakameistara



Valdís Axarförð
Afgreiðsla
Símvavarsla



**Þóra
Guðmundsdóttir**
Afgreiðsla
Símvavarsla
Innheimta



**Þóra Kristín
Jónsdóttir**
Málfarsráðgjöf
Greinarskrif
Fjölmíðlatengsl



Þóra Ólafsdóttir
Fréttabréf
Útgáfumál

Helstu lög er varða iðnað sett á árinu 2004

- Lög nr. 8/2004 um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, með síðari breytingum
- Lög nr. 10/2004 um starfsmenn í hlutastörfum
- Lög nr. 19/2004 um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlandinga, með síðari breytingum
- Lög nr. 22/2004 um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum
- Lög nr. 26/2004 um Evrópufélög
- Lög nr. 27/2004 um aðild starfsmanna að Evrópufélögum
- Lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga
- Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda
- Lög nr. 37/2004 um breytingu á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt, með síðari breytingum
- Lög nr. 50/2004 um siglingavernd
- Lög nr. 53/2004 um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum
- Lög nr. 63/2004 um afnám laga nr. 62 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, með síðari breytingum
- Lög nr. 68/2004 um breytingu á lögum nr. 134 22. desember 1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með síðari breytingum
- Lög nr. 72/2004 um uppfinningar starfsmanna
- Lög nr. 75/2004 um stofnun Landsnets hf.
- Lög nr. 82/2004 um breytingu á lögum nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum
- Lög nr. 87/2004 um olúgjald og kílómetragjald o.fl.
- Lög nr. 89/2004 um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003
- Lög nr. 92/2004 um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61 26. maí 1997, með síðari breytingum.
- Lög nr. 98/2004 um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku

Helstu umsagnir Samtaka iðnaðarins um lagafrumvörp árið 2004

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, og skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum, 235. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum, 184. mál
- Frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, 374. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og fleiri lögum, 351. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um nr. 17/1991, 251. mál
- Frumvarp til laga um greiðslur yfir landamæri, 212. mál
- Tillaga til þingsályktunar um stofnun atvinnuvegráðuneytis, 159. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum, 6. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, 159. mál
- Tillaga til þingsályktunar um könnun á framkvæmd EES-samningsins, 551. mál
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, nr. 61 26. maí 1997, með síðari breytingum, 881. mál
- Frumvarp til laga um afnám laga nr. 62 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, með síðari breytingum, 690. mál
- Frumvarp til laga um olúgjald og kílómetragjald. ofl., 849. mál
- Tillaga til þingsályktunar um úttekt á tryggingamálum verknámsnemenda, 225. mál
- Tillaga til þingsályktunar um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum, 12. mál
- Frumvarp til laga um váttryggingasamninga, 2004 mál
- Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 301. og frumvarp til breytingar á skipulags- og byggingarlögum, 302. mál